

Sjálfbærniskýrsla 2021



Ávarp forstjóra



Um BYKO



Framtíðarsýn og innleiðing stefnu



Mælikvarðar



Markmið 2022



GRI Tilvísunartafla

Ávarp forstjóra

Við í BYKO gerum okkur grein fyrir þeirri ábyrgð sem fylgir því að innleiða sjálfbærni í reksturinn og taka þar af leiðandi ábyrgð á að komandi kynslóðir ættu ekki vera verr settar en núverandi kynslóðir varðandi hag og velferð manna og dýra í framtíðinni. Þau samfélög sem aðhyllast sjálfbærni reyna að endurnýta það sem þau geta svo komandi kynslóðir geti notið þeirra auðlinda sem jörðin hefur uppá að bjóða líkt og núverandi kynslóðir hafa gert. Við í BYKO vinnum af heilindum að innleiða sjálfbærni þar sem við vinnum að öllum stoðum hennar sem eru umhverfismál, félagsleg mál og stjórnarhættir.



Sigurður Brynjar Pálsson, forstjóri BYKO

Byggingariðnaðurinn stendur frammi fyrir stórum áskorunum varðandi umhverfisáhrif en losun gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu er allt að 40% og því byggingariðnaðurinn hvað einn mest mengandi iðnaður á heimsvísu. Ísland ásamt flestum ríkjum heims hefur skuldbundið sig til að draga úr þessari losun með aðgerðum og við í BYKO höfum einnig skrifað undir loftlagsyfirlýsingu Reykjavíkurborgar og Festu um slíka skuldbindingu.

Vistvænar áherslur í byggingariðnaði fara vaxandi og hvatarnir fyrir slíkum byggingum eru margir. Við viljum vera leiðandi og hafa áhrif þegar kemur að vistvænum áherslum. Rannsóknir sýna að byggingar sem uppfylla umhverfissvottun eru verðmætari, hafa betri ímynd og draga til

sín lægri rekstrarkostnað á líftímanum. Einnig snýr þetta að heilsufari þeirra sem þar fara um, því minni notkun skaðlegra og heilsuspillandi efna í byggingarvörum stuðla að heilnæmara umhverfi.

Ábyrgð okkar í BYKO snýr að okkar eigin rekstri en unnið er í gegnum heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna að þeim markmiðum sem samræmast hlutverki og kjarnastarfsemi fyrirtækisins. Ábyrgð okkar snýr einnig að geta boðið viðskiptavinum okkar sem standa í byggingarframkvæmdum upp á valkosti sem snúa að vistvænum byggingarefnum ásamt faglegri ráðgjöf er varðar vistvottunarkerfi.

Við hvetjum aðra til að leggja sitt af mörkum því eins og slagorð okkar segir "Gerum þetta saman".

Sig. Br. Tórn.

Um BYKO

[Covid-19 áskoranir](#)

[Alþjóðlegt frumkvæði og samfélagsþátttaka](#)

[Umfang rekstrar](#)

[Hagsmunaaðilar](#)

[Vefverslun](#)

[Þakklæti](#)

[Stjórnskipulag](#)

[Um skýrsluna](#)

[Aðfangakeðja](#)

BYKO er leiðandi fyrirtæki á íslenskum byggingarvörumarkaði sem þjónustar einstaklinga og fagaðila í byggingariðnaði. BYKO var stofnað árið 1962 af þeim Guðmundi H. Jónssyni og Hjalta Bjarnasyni þar sem þeir opnuðu 135 fermetra byggingavöruverslun við Kársnesbraut í Kópavogi. Á þeim tíma var einungis verslað með grófa vöru en innan árs var opnuð þar smávöruverslun. BYKO rekur byggingarvöruverslanir í Kópavogi, Reykjavík, Reykjanesbæ, Selfossi og Akureyri auk leigumarkaðs og vöruhúss.

Covid-19 áskoranir

Áskoranir við heimsfaraldurinn Covid-19 héldu áfram árið 2021 líkt og árið 2020 þegar forstjóri virkjaði sóttvarnaráætlun BYKO þar sem Öryggis- og eftirlitsdeild sá um sóttvarnarskipulag og aðgerðir í takt við faraldurinn. BYKO fylgdi almennum sóttvarnarreglum í samfélaginu og átti Öryggis- og eftirlitsdeild í góðum samskiptum við Almennadeild Ríkislögreglustjóra og skrifstofu Landlæknis og sóttvarnarlæknis.

Lögð var áhersla á að upplýsa starfsfólk um stöðuna hverju sinni ásamt því að hvetja starfsfólk til að huga að andlegri og líkamlegri líðan á tímum heimsfaraldurs. Innri smitakning félagsins stuðlaði einnig að því að róður félagsins á tímum heimsfaraldurs gekk vonum framar.

Afléttingar og samkomutakmarkanir gengu á víxl á árinu 2021 og þurfti BYKO enn og aftur að takast á við þessar áskoranir eftir sveiflum í bylgjum smita. Starfsfólk BYKO var þó reynslunni ríkari frá fyrsta ári faraldurs sem nýttist vel í þeim áskorunum sem upp komu. Ekki þurfti að fara í hólfaskiptingar að þessu sinni en forvarnir voru miklar þess í stað. BYKO hefur frá upphafi faraldursins farið eftir einu og öllu hvað varðar sóttvarnarreglur sem stjórnvöld settu hverju sinni og var árið 2021 engin undantekning. BYKO var mikið í mun að vernda starfsfólkið sitt sem og viðskiptavinum og var m.a. bætt í sprittstöðvar víðsvegar um starfsstöðvar fyrirtækisins og allt gert til að takmarka smithættu. Það gekk að mestu leiti vel og voru staðfest Covid-19 smit 10 hjá félaginu og komu flestu smitin í lok árs þegar fjöldi smita í landinu jókst með tilkomu Ómikron afbrigðisins. Í þeim tilfellum sem upp komu smit hjá starfsfólki var sóttvarnarteymi sent á starfsstöð viðkomandi og svæðið sótthreinsað. Öryggis- og eftirlitsdeild var með fjölmarga upplýsingafundi fyrir stjórnendur fyrirtækisins á árinu og eins var upplýsingum komið til annars starfsfólks í gegnum Workplace í rauntíma.

Til baka í [Um BYKO](#) flokka

Umfang rekstrar

Hjá BYKO störfuðu 597 einstaklingar í um 338 stöðugildum.

Fjárhæðir eru í þúsundum íslenskra króna. Helstu efnahagsstærðir eru:

Úr rekstrarreikningi	2021	2020	2019	2018
Tekjur	24.444.350	20.763.951	19.990.786	19.194.634
Rekstrarkostnaður	2.923.865	2.820.999	2.407.567	2.569.702
Laun og launatengd gjöld	3.608.363	3.148.164	3.081.740	2.782.533
Arðgreiðslur	800.000	800.000	800.000	800.000
Tekjuskattur	312.077	202.641	215.136	302.507
Efnahagslegt framlag	7.644.305	6.971.804	6.504.443	6.454.743

Úr efnahagsreikningi	2021	2020	2019	2018
Eignir	7.981.194	6.613.726	5.969.401	6.252.807
Skuldir	5.170.541	4.285.962	3.617.403	4.068.439
Eigið fé	2.810.653	2.327.764	2.351.998	2.184.368
Fjárfestingahreyfingar	117.937	51.271	305.390	76.826

Starfsmannamál	2021	2020	2019	2018
Laun	2.947.574	2.557.094	2.517.286	2.306.045
Mótframlag í lífeyrissjóð	377.134	326.593	318.939	276.939
Önnur launatengd gjöld	283.654	264.476	245.514	199.550
Laun og gjöld samtals	3.608.362	3.148.164	3.081.740	2.782.533
Meðalstöðugildi á árinu	382,6	339	349*	324
Stöðugildi í lok árs	378	431	367*	337

Til baka í [Um BYKO](#) flokka

Vefverslun

Um mitt ár 2021 var ákveðið að hefja vinnu við þróun og uppsetningu á nýjum vef og vefverslun. Aðaláherslan er að sýna allt vöruúrval BYKO inná vefnum og auka og bæta aðgengi notenda og viðskiptavina að vörum og þjónustu sem BYKO býður uppá. Nýr vefur og vefverslun er áætlað að opni á þriðja ársfjórðungi 2022. Áhrifin á sölu í vefverslun voru mikil í kjölfar Covid-19 og má draga ályktun að breytt kauphegðun sé komin til að vera og viðskiptavinir sjá hag sinn í að versla í vefverslun.

Samanburður milli ára

Sala í vefverslun BYKO	2020-2019	2019-2020
Janúar	480%	-20%
Febrúar	346%	90%
Mars	26%	239%
Apríl	-54%	962%
Maí	-5%	303%
Júní	19%	298%
Júlí	34%	209%
Ágúst	8%	202%
September	6%	105%
Október	-2%	336%
Nóvember	-25%	691%
Desember	-41%	251%

Til baka í [Um BYKO](#) flokka

Stjórnskipulag


Stjórn BYKO samanstendur af fimm einstaklingum, tveimur karlmönnum og þremur konum. Stjórnin (engar undirnefndir) tekur allar stefnumarkandi ákvarðanir, þar með talið ákvarðanir sem tengjast sjálfbærni.

- Guðmundur Halldór Jónsson - stjórnarformaður
- Jón Helgi Guðmundsson
- Iðunn Jónsdóttir
- Brynja Halldórsdóttir
- Anna Rún Ingvarsdóttir

Starfsmaður BYKO á framþróunarsviði er ábyrgur fyrir innleiðingu á sjálfbærni og ber einnig ábyrgð á þeirri stoð sjálfbærinnar sem tilheyrir umhverfismálum. Mannauðsstjóri ber ábyrgð á þeirri stoð sjálfbærinnar sem tilheyrir félagsmálum og framkvæmdastjóri rekstrarsviðs ber ábyrgð á stoð sjálfbærinnar sem tilheyrir stjórnarháttum.

Nýtt skipurit tók gildi um mitt árið 2021. Breytingar urðu talsverðar og fólust í því að framkvæmdastjóri rekstrarsviðs lét af störfum en hann hafði tekið við starfinu tímabundið og nýr framkvæmdastjóri tók við starfinu. Önnur breyting var sú að stoðsvið sem hét Viðskiptaþróun var lagt niður og nýtt svið stofnað út frá stefnumótun fyrirtækisins fékk heitið Framþróun verslunar og viðskiptavina. Undir því sviði eru markaðsmál, vefmál, heildarupplifun og sjálfbærni. Sviðið liggur þvert yfir skipuritið og þjónar þar með öllum stigum rekstursins.

Aðrar breytingar voru ekki gerðar á skipuriti fyrirtækisins.



Framkvæmdastjórn BYKO samanstendur af forstjóra og framkvæmdarstjórum rekstrarsviðs, fyrirtækjasviðs, vörustjórnunarsviðs, smásölusviðs og framþróunarsviðs.



- Sigurður Brynjar Pálsson - forstjóri
- Hulda Júlíana Jónsdóttir - framkvæmdastjóri rekstrarsviðs
- Eggert Kristinsson - framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs
- Sigríður Gröndal - framkvæmdastjóri vörustjórnunarsviðs
- Haraldur Bergsson - framkvæmdastjóri smásölusviðs
- Edda Blumenstein - framkvæmdastjóri framþróunar verslunar og viðskiptavina

[Opna núverandi stjórn og skipurit á vef BYKO](#)

Stjórnarhættir

Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja eru gefin út af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq Iceland. Leiðbeiningunum er sérstaklega beint að fyrirtækjum með beina almannahagsmuni sem eru með verðbréf, hlutabréf eða skuldabréf skráð á skipulegum verðbréfamarkaði sem og lánastofnunum og tryggingafélögum. BYKO er ekki með verðbréf skráð á verðbréfamörkuðum og því eiga leiðbeiningarnar ekki við um fyrirtækið. BYKO gefur þess vegna ekki út sérstaka stjórnháttaryfirlýsingu samkvæmt kafla 6.1 í fyrrgreindum leiðbeiningum.

Til baka í [Um BYKO](#) flokka


Aðfangakeðja

Vörustjórnunarsvið er ábyrgt fyrir aðfangakeðjunni. Á vörustjórnunarsviði starfa 9 vöruflokkastjórar sem hver um sig ber ábyrgð á ákveðnum vöruflokkum, innkaupum, samningum og samskiptum við birgja. Aðföng BYKO má skipta á eftirfarandi máta:

- Innlendir birgjar, framleiðendur eða íslenskir umboðsmenn erlendra aðila
- Erlendir birgjar í eigu systurfélaga BYKO. Þetta eru fyrst og fremst Bergs Timber og BYKO Lat sem eru að hluta til í eigu Norvik, móðurfélags BYKO. Frá þeim birgjum eru keyptir inn gluggar, hurðir og byggingartimbur.
- Aðrir erlendir birgar

Hlutfall íslenskra birgja með íslenska kennitölu lækkar milli ára og fer úr 30%* í 28% af aðkeyptum vörum og hlutfall erlendra birgja hækkar því milli ára og fer úr 70%* í 72%.

**Hlutfallstala var röng fyrir árið 2020 og leiðréttist hér með*




Vörustjórnunarsvið stjórnar aðfangakeðjunni en hluti hennar er útvistað til 3. aðila

1. Flutningar til Íslands eru með íslenskum skipafélögum, auk þess leigir BYKO flutningaskip til timburflutninga
2. BYKO rekur eitt vöruhús fyrir grófvöru en útvistar einnig lager til vöruhússins Bakkans
3. Flutningur milli vöruhúsa og verslana er útvistað sem og flutningar frá BYKO til viðskiptavina

Vöruúrval BYKO felur í sér um 38 þúsund vörutegundir sem eru keyptar inn frá 700 birgjum. Vörunar er mest fluttar sjóleiðis til safnstöðva BYKO sem eru í Rotterdam, Immingham og Arhus. Þar er vörunum safnað saman í heila gáma og flutt til landsins með Eimskip eða Samskip. BYKO leigir skip og flytur vörur frá Lettlandi með viðkomu í öðrum löndum eins og Svíþjóð til að sækja vörur. Þegar vörunar koma til landsins fara þær í vöruhús BYKO sem eru fjögur talsins og í öllum vöruhúsum er farið eftir umhverfisstöðlun og flokkun;

- Vöruhúsið Kjalarvogur þar sem allar grófari og stærri byggingavörur eru hýstar
- Lagnalager þar sem lagnir og tengdar vörur eru geymdar
- Bakkinn vöruhús Festi þar sem verslunarvaran er hýst
- Vöruhús fyrir BYKO Leigu frá árinu 2022 á Selhelli

Áherslur BYKO á vöruval eru þær að geta boðið viðskiptavinum vörur í öllum vöruflokkum sem leyfilegt er að nota í Svansvottuð hús og BREEAM vottaðar byggingar. Starfsmaður BYKO sótti BREEAM námskeið til að geta þjónustað fagaðila betur varðandi slíka vottun. Þegar BYKO velur birgja þá horfir fyrirtækið í átt að sjálfbærni og umhverfismálum og hvernig og hversu langt birgjar eru komnir í sjálfbærni. Vörustjórnunarsvið matar sig við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna varðandi innkaup en BYKO vinnur eftir fimm kjarnamarkmiðum er snúa að þeim.



Inbound: Flutningar, geymsla og afhending vöru sem kemur inn í fyrirtæki.

Outbound:

- Geyma, flytja og dreifa vörum til verslana.
- Miðlægar pantanir í vörugeymslu lýkur með vöruafhendingu í verslun eða beint til viðskiptavinar.

Skipulagning á Inbound og Outbound ferlum sameinast innan stjórnun aðfangakeðjunnar, þar sem stjórnendur leitast við að hámarka áreiðanleika og skilvirkni dreifikerfa með það að leiðarsljósi að lágmarka flutninga- og geymslukostnað.

Til baka í [Um BYKO](#) flokka

Alþjóðlegt frumkvæði og samfélagsþátttaka

Á árinu 2020 var lögð áhersla á að hefja innleiðingu á 5 kjarnamarkmiðum sem BYKO leggur áherslu og eru hluti af Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Þessi kjarnamarkmið voru valin út frá starfsemi BYKO og er gerð grein fyrir þeirri vinnu í kaflanum um Heimsmarkmiðin.

Áherslur BYKO eru

- Að minnka losun gróðurhúsalofttegunda í virðis_keðjunni. Það er fyrst og fremst gert með því að skipta út bensín/dísel -bílum, -tækjum og -vélum yfir í farartæki sem nýta umhverfisvænni orkubera eða rafmagn
- Að auka framboð af minna skaðlegum byggingarefnum, þ.e. byggingarefnum sem ekki eru flokkuð eða grunuð um að innihalda krabbameinsvaldandi efni, hormónatruflandi efni eða hafi áhrif á frjósemi. Áhersla BYKO er að geta boðið viðskiptavinum byggingarefni og vörur sem má nota í hús vottuð með norræna umhverfismerkinu Svaninum og fyrir vistvottunarkerfið BREEAM
- Að leggja til gögn til vottunar á þeim vistvænu vörum sem bera mismunandi kröfur á bakvið sig. Umhverfisyfirlýsingar, rekjanleikavottanir og önnur gögn sem vænst er til vottunar í Svaninum og BREEAM

Varúðarreglan

BYKO hefur rýnt varúðarregluna og metið hvaða nálgun er best til að mæta henni. Varúðarreglan er fimmtánda meginregla Ríóyfirlýsingarinnar frá 1991 en í henni segir:

„Í því skyni að vernda umhverfið skulu ríki í ríkum mæli beita varúðarreglunni eftir því sem þau hafa getu til. Skorti á vísindalegri fullvissu, þar sem hættu er á alvarlegu eða óbætanlegu tjóni, skal ekki beitt sem rökum til að fresta kostnaðarhagkvæmum aðgerðum sem koma í veg fyrir umhverfisspjöll.“

Lykilatriði í varúðarreglunni eru „skortur á vísindalegri fullvissu“ og „fresta kostnaðarhagkvæmum aðgerðum“. BYKO telur að orkuskipti í samgöngum og vistvænar byggingaraðferðir séu komnar til að vera. Þó svo að enn sé deilt um „vísindalega fullvissu“ er það kostnaðarhagkvæmt og dæmi um góða viðskiptahætti að taka þátt í orkuskiptum og hvetja til vistvænna byggingaraðferða.

Samstarf

Á árinu gekk BYKO til liðs við FESTU, miðstöð um samfélagsábyrgð og sjálfbærni og er þar með komið í hóp fjöldra fyrirtækja sem vinna að sama markmiði að gera betur í samfélags- og sjálfbærnimálum.

BYKO er aðili að eftirfarandi félagasamtökum



Til baka í [Um BYKO](#) flokka

Hagsmunaaðilar

Hagsmunaaðilum BYKO má skipta í tvennt, innri og ytri hagsmunaaðila.



BYKO gerir ekki sérstaka hagsmunaaðilagreiningu á forsendum samfélagsábyrgðar. Fyrirtækið lætur aftur á móti gera viðhorfskannanir meðal viðskiptavina, starfsmanna og almennings á ýmsum atriðum sem snerta starfsemi fyrirtækisins.

Áherslur BYKO varðandi hagsmunaaðila

- Að auka vistvænt vöruframboð BYKO, þannig að vörurnar verði leyfilegar í umhverfissvottuð hús byggð samkvæmt norræna umhverfismerkinu Svaninum og vistvottunarkerfinu BREEAM
- Kynna vistvænar byggingaraðferðir fyrir fagfólki svo sem hönnuðum, arkitektum, verkfræðingum, verktökum, iðnaðarmönnum, ákvörðunartökuaðilum og menntastofnunum
- Samstarf við birgja að skoða hvort núverandi vöruframboð þeirra uppfylli kröfur til að vera notaðar í Svansvottuð hús og vistvottunarkerfið BREEAM
- Að starfsfólk BYKO sækji námskeið til að afla sér réttinda til að auka fagþekkingu

Fræðslan hefur verið framkvæmd í gegnum námskeið hjá skólum, opnum fyrirlestrum, verktakafundum og samstarfsverkefnum með birgjum. Framkvæmdastjórar BYKO, vöruflökkastjórar og sölumenn á fyrirtækjasviði ásamt utanaðkomandi ráðgjafa unnu að greiningu hagsmunaaðila. Til að meta mikilvæg viðfangsefni var horft til kannana sem fyrirtækið lætur framkvæma meðal viðskiptavina annars vegar og starfsmanna hins vegar. Athugasemdir starfsmanna sem og viðskiptavina koma áleiðis í gegnum ráðstefnur, fyrirlestra, námskeið, með tölvupósti og í gegnum starfsfólk í verslunum. BYKO er orðið sýnilegra og virkari á markaðnum er varðar sjálfbærniáðgerðir.

Einn starfsmaður BYKO á framþróunarsviði hefur aflað sér réttinda sem BREEAM Associate og getur þar af leiðandi veitt faglegri ráðgjöf til þeirra viðskiptavina sem hyggjast á vottun á byggingarframkvæmd.



Sjónarmið viðskiptavina og starfsmanna endurspeglast meðal annars í efnistökm þessarar skýrslu. Mikilvægi viðfangsefna skýrslunnar má skipta í tvennt: Samfélagsáhrif (fjárhagsleg, umhverfisleg og félagsleg) í innra starfi BYKO og hvernig BYKO getur auðveldað viðskiptavinum og öðrum hagsmunaaðilum í samfélaginu að tileinka sér vistvænar byggingaraðferðir. Viðfangsefnið tengjast einnig Heimsmarkmiðunum sem BYKO leggur áherslu á og er því betur lýst í kaflanum **Framtíðarsýn - Heimsmarkmiðin**.

Innri áhrif	Ytri áhrif	Heimsmarkmið BYKO
Vistvænt vöruframboð og aðföng	Vistvænar byggingar	Nýsköpun og uppbygging
Fræðsla vistvæn byggingarefni	Vistvænar byggingar	Nýsköpun og uppbygging Ábyrg neysla og framleiðsla
Jafnrétti	Heilbrigt samfélag	Jafnrétti kynjanna
Arðbær rekstur	Heilbrigt samfélag	Góð atvinna og hagvöxtur
Öryggi og vinnuvernd	Heilbrigt samfélag	Góð atvinna og hagvöxtur
Mannauður	Fjölskylduvænt samfélag	Jafnrétti kynjanna
Losun GHG og umhverfismál	Heilnæmt umhverfi	Ábyrg neysla og framleiðsla



Til baka í [Um BYKO](#) flokka

Þakklæti

Við í BYKO erum full þakklætis fyrir þær viðurkenningar sem við hljótum frá markaðnum. Þessar viðurkenningar sýna okkur að við erum á réttri leið og gefa okkur kraft að halda áfram að gera eins vel og við getum til framtíðar. Við viljum vera fyrirmynd og hvatning til annarra fyrirtækja varðandi sjálfbærni, viljum huga vel að starfsfólki okkar varðandi jafnréttismál og við erum þakklát fyrir það traust sem okkar viðskiptavinir hafa sýnt okkur í gegnum árin og fögnum því að eiga ánægjustu viðskiptavinina.

Samfélagsskýrsla ársins

Í júní 2021 hlaut BYKO viðurkenninguna Samfélagsskýrsla ársins. Viðurkenninguna hlaut fyrirtækið fyrir að birta upplýsingar sínar með markvissum og vönduðum hætti. Að viðurkenningunni stóðu Festa, miðstöð um samfélagsábyrgð, Stjórnvísir og Viðskiptaráð Íslands, en í dómnafnd þetta árið sátu Tómas N. Möller, yfirlögfræðingur Lífeyrissjóðs Verslunarmanna, Hulda Steingrímsdóttir, umhverfisstjóri Landspítala og Kjartan Sigurðsson, lektor við Háskólann í Twente í Hollandi.



www.vi.is/frettir/landsvirkjun-og-byko-med-samfelagsskyrslur-arsins



Framúrskarandi samfélagsábyrgð

Í október 2021 hlaut BYKO verðlaun fyrir framúrskarandi árangur á sviði samfélagsábyrgðar á vegum Creditinfo sem er í samstarfi við Festu, miðstöð um samfélagsábyrgð. Markmið viðurkenningarinnar er að vekja athygli á því að framúrskarandi rekstur felur í sér að fyrirtæki hámarki jákvæð áhrif sín á umhverfið og samfélagið sem þau starfa í ekki síður en fjárhagslegan árangur sinn. Horft er til þess að fyrirtækin sýni fram á skýra stefnu um samfélagsábyrgð, sjálfbærni, kynjajafnrétti og réttindi starfsfólks.

Í dómnefnd sátu: Gréta María Grétarsdóttir, formaður, Erla Tryggvadóttir varaformaður stjórnar Festu og Jón Geir Pétursson í stjórn Festu.

<http://blogg.creditinfo.is/byggingavoruverslunin-byko-hlaut-verdlaun-fyrir-framurskarandi-samfelagsabyrgd-2021/>



Framúrskarandi fyrirtæki

Í október 2021 hlaut BYKO fimmta árið í röð viðurkenninguna fyrir að vera framúrskarandi fyrirtæki.

Creditinfo hefur greint rekstur íslenskra fyrirtækja og birt lista yfir þau fyrirtæki sem hafa sýnt fram á framúrskarandi og stöðugan árangur í rekstri. Á þessum tólf árum hafa rúmlega 1.500 fyrirtæki komist á lista Framúrskarandi fyrirtækja en einungis 62 fyrirtæki hafa setið á listanum öll árin.

<http://www.mbl.is/vidskipti/ff2021/>



Jafnvægisvog FKA

Í október 2021 hlaut BYKO viðurkenningu frá Félaga kvenna í atvinnulífinu (FKA) sem heitir Jafnvægisvogin.

Jafnvægisvogin er hreyfiaflsverkefni unnið í samstarfi með forsætisráðuneytinu, Sjóvá, Deloitte, RÚV og Pipar\TBWA.

Tilgangur verkefnisins

- Að auka á jafnvægi kynja í efsta lagi stjórnunar fyrirtækja í íslensku viðskiptalífi með það að markmiði að árið 2027 verði hlutfallið á milli kynja a.m.k. 40/60 í framkvæmdastjórnnum fyrirtækja á Íslandi
- Að virkja íslenskt viðskiptalíf til að verða að fyrirmynd jafnréttis fyrir aðrar þjóðir
- Að veita viðurkenningar og draga fram í sviðljósið fyrirtæki sem hafa náð markmiðum Jafnvægisvogarinnar



- Að standa fyrir viðburðum og fræðslu og vekja samfélagið til hugsunar um virði fjölbreytileika og jafnvægis
- Að taka saman heildræna stöðu og niðurstöðu greininga á stöðu stjórnenda í íslensku atvinnulífi og birta niðurstöðu

<http://www.fka.is/verkefni/jafnvægisvogin/>



Íslenska ánægjuvogin

Í janúar 2022 hlaut BYKO viðurkenninguna Íslensku ánægjuvogina, fimmta árið í röð. BYKO mældist hæst allra byggingarvöruverslana með 68,3 stig og með marktækum mun. BYKO þakkar viðskiptavinum sínum fyrir traustið síðustu árin og erum við afar þakklát fyrir það og munum gera okkar besta til að bæta heildarupplifun okkar viðskiptavina til framtíðar.



<https://www.stjornvisi.is/is/anaegjuvogin/anaegjuvogin-2021>



Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri

BYKO hlaut viðurkenningu fyrir að vera fyrirmyndarfyrirtæki fjórða árið í röð.

Forsendur fyrir að hljóta slíka viðurkenningu eru eftirfarandi:

- Rekstrarárin 2020 og 2019 liggja til grundvallar en tekið er tillit til rekstrarársins 2018.
- Afkoma þarf að hafa verið jákvæð.
- Tekjur þurfa að hafa verið umfram 30 milljónir króna.
- Eignir þurfa að hafa verið umfram 80 milljónir króna.
- Eiginfjárlutfall þarf að hafa verið umfram 20%.
- Aðrir þættir metnir af Viðskiptablaðinu og Keldunni. T.d. skil á ársreikningi og rekstrarform.



<https://leit.keldan.is/Lists/Excellent>

Til baka í [Um BYKO](#) flokka

Um skýrsluna

BYKO gefur út í þriðja sinn sjálfbærnissskýrslu í samræmi við meginatriði (core) í viðmiðum Global Reporting Initiative (GRI). Skýrslan fylgir viðmiðum GRI Standards sem tóku í gildi 1. júní 2018 GRI gefur út sérákvæði fyrir fasteigna og byggingariðnað (Construction and Real Estate). BYKO skoðaði þessi viðmið en mat þau ekki viðeigandi fyrir fyrirtækið. BYKO er birgi þessara fyrirtækja en ekki byggingarfyrirtæki.

Í skýrslunni er gerð grein fyrir rekstri starfstöðva BYKO en fyrirtækið rekur verslun á Akureyri, Kópavogi, Reykjavík, Selfossi og Suðurnesjum.

Í skýrslunni er einnig gerð grein fyrir rekstri vöruhúss í Kjarlöv og umsjón BYKO og rekstri vöruhúss BYKO Leigu, sem er staðsett að Þórðarhöfða í Reykjavík. Vöruhúsaþjónusta sem BYKO úthýsir til 3ja aðila (Bakkinn) er ekki hluti af skýrslunni. Vöruflutningar til landsins eru hluti umfangi skýrslunnar en ekki forflutningar erlendis. Flutningar á milli starfstöðva BYKO eru einnig hluti skýrslunnar en ekki vöruflutningar til viðskiptavina.

Skýrslan afmarkast þannig við starfsemi BYKO en ekki móður- eða systurfélaga. Ofnasmiðja Suðurnesja er rekin á sömu kennitölu og BYKO og því hluti skýrslunnar. BYKO á einnig 25% hlut í Steinullarverksmiðjunni. Steinullarverksmiðjan er hluti af samstæðureikningsskilum BYKO en utan viðfangs þessarar skýrslu.

Nýtt skipurit tók gildi um mitt ár 2021. Breytingar urðu talsverðar og fólust í því að framkvæmdastjóri rekstrarsviðs lét af störfum en hann hafði tekið við starfinu tímabundið og nýr framkvæmdastjóri tók við starfinu. Önnur breyting var sú að stoðsvið sem hét Viðskiptaþróun var lagt niður og nýtt svið stofnað út frá stefnumótun fyrirtækisins fékk heitið Framþróun verslunar og viðskiptavina. Undir því sviði eru markaðsmál, vefmál, heildarupplifun og sjálfbærni. Sviðið liggur þvert yfir skipuritið og þjónar þar með öllum stigum rekstursins.

Aðrar breytingar voru ekki gerðar á skipuriti fyrirtækisins.

Allar upplýsingar í skýrslunni eiga við um árið 2021 nema annað sé tekið fram. Fjárhagslegar upplýsingar í skýrslunni eru fengnar úr endurskoðuðum ársreikningi BYKO. Umhverfisupplýsingar voru fengnar gegnum gagnagátt Klappa frá birgjum BYKO. Tölur frá Klöppum voru bornar saman við upplýsingar frá birgjum. Við útreikninga á losun gróðurhúsalofttegunda er stuðst við losunarstuðla sem Umhverfisstofnun leggur til að séu notaðir til að reikna út losun frá rekstri fyrirtækja (4. útgáfa 2021). Upplýsingar um losun frá flugi eru fengnar frá alþjóða flugmálastofnuninni (ICAO). Upplýsingar vegna flutninga eru frá viðkomandi flutningafyrirtæki. Gerð er grein fyrir frávikum í upplýsingum og útreikningum þar sem það á við, undir hverjum mælikvarða fyrir sig. Samfélagsupplýsingar, þar með talið mannauður eru fengnar úr innri kerfum BYKO. Umhverfis- og samfélagsupplýsingar voru rýndar af utanaðkomandi sérfræðingi í umhverfismálum, Finni Sveinssyni.

Til baka í [Um BYKO](#) flokka



Framtíðarsýn og innleiðing stefnu

[Sjálfbærnistefna](#)

[Mannauðsstefna](#)

[Umhverfisstefna](#)

[Innleiðing stefnu](#)

[Heimsmarkmiðin](#)

[Framþróun](#)

Sjálfbærnistefna

Byggingar eru ábyrgar fyrir um 40% af orkunotkun og losun gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu og getur byggingarmarkaðurinn aukið sjálfbærni og dregið úr loftlagsáhrifum með aðgerðum. Hann getur lágmarkað kolefnisspor mannvirkja með því að velja byggingarefni með lágt kolefnisspor og BYKO er þar með hluti af virðiskeðjunni að geta boðið markaðnum upp á vistvæn byggingarefni og stuðlað að betri framtíð.

Sjálfbær þróun er þróun sem mætir þörfum nútímans án þess að skerða möguleika komandi kynslóða á að mæta þörfum sínum. Slík þróun snýst um að auka efnahagsleg verðmæti um leið og gæðum náttúrunnar er viðhaldið og mannréttindi eflað fyrir alla jarðarbúa til langs tíma.

BYKO setti sér heildstæða sjálfbærnistefnu árið 2020 sem var undirrituð af framkvæmdastjórn í upphafi árs 2021 byggða á þeim Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna sem fyrirtækið vinnur að. BYKO mun leggja áherslu á sjálfbærni sem tekur á umhverfis- félagslegum- og efnahagsmálum.

Skipting sjálfbærnistefnu

- BYKO sem vinnustaður
Jafnréttismál og umhverfismál
- Viðskiptavinurinn
Þjónusta, fræðsla, samstarf og vistvæn byggingarefni
- Aðfangakeðjan
Birgjar, mannréttindi og vinnuréttindi

[Opna sjálfbærnistefnu BYKO](#)

Til baka í [Framtíðarsýn og innleiðing stefnu](#) flokka

Umhverfisstefna

BYKO hefur töluverð umhverfisáhrif í sinni eigin starfsemi. Mest eru umhverfisáhrifin þó í gegnum þær vörur eða þjónustu sem fyrirtækið býður upp á. Fyrirtækinu ber því skylda að leggja áherslu á vöruframboðið ekki síður en eigin starfsemi. Umhverfisstefna BYKO hefur þrjú meginþemu, vistvænt vöruframboð, fræðslu til viðskiptavina og innra starf.

Umhverfisstefnuna er að finna á heimasíðu BYKO ásamt ýmis konar fræðslu um vistvæn byggingarefni og vöruframboð BYKO á þeim, þýðingu umhverfismerkja, upplýsingar um vottunarkerfin BREEAM og Svaninn og upplýsingar um vottað timbur. Einnig er að finna nákvæma flokkunarhandbók fyrir byggingarúrgang sem nýtist bæði starfsfólki BYKO



sem og öðrum á byggingarmarkaðinum. Við skilgreiningu á vistvænu vöruframboði BYKO komu upp ákveðin álitamál sem snerta rétta upplýsingagjöf til viðskiptavina. Það er hluti af skyldu okkar að fræða viðskiptavini um umhverfismál, sú fræðsla verður samtímis að vera rétt og hlutlaus. Álitamálin fjalla annars vegar um það hvernig hægt er að segja að vara sé leyfileg í Svansvottað hús án þess að varan sé sjálf Svansvottuð og hins vegar hvort og þá hvernig skuli vinna með rekjanleika svo hægt er að staðfesta að timbur komi frá sjálfbærri skógrækt.

[Umhverfisstefna BYKO](#)

Vistvænar vörur

BYKO leggur áherslu á í gegnum umhverfisstefnu fyrirtækisins að geta boðið viðskiptavinum upp á vistvænt vöruúrval í öllum vöruflokkum.

Vistvænt vöruframboð

BYKO ber ábyrgð á að koma upplýsingum til neytenda á framfæri. Vistvænt vöruframboð er sýnilegt og aðgengilegt á heimasíðu fyrirtækisins. Á árinu hefur verið unnið mikið í kortlagningu á vistvænum vörum, hvaða vörur bera með sér ákveðin gögn sem eru áreiðanleg, ýmsar vottanir og umhverfisfyrirleyfingar sem eiga við stigagjöf í BREEAM vistvottunarkerfið, sem gerir þá viðskiptavinum kleift að sækja þau gögn í gegnum heimasíðu BYKO. Með þessu vill fyrirtækið stuðla að sjálfbærni, geta útvegað réttar byggingarvörur fyrir rétt vottunarkerfi og þjónustað viðskiptavinina með því að afla réttra gagna fyrir vörurnar.

Á árunum 2020-2021 var farið í kynningarherferð á þessari nýjung varðandi aðgengileg gögn fyrir BREEAM vistvottunarkerfið og beindust fyrstu samtölin við verkfræðistofur og arkitektastofur. Með því að eiga það samtal skapast meiri þekking milli viðskiptavina og fyrirtækis og er það hlutverk BYKO að koma á framfæri þeim upplýsingum sem viðkoma byggingarefnum.

Á heimasíðu BYKO má finna þær vörur sem bera Svansvottun eða eru leyfilegar í Svansvottaðar byggingar og þær vörur sem henta í BREEAM vottunarferlið. Þær eru að finna undir flokknum "Byggingarvörur" þar sem búið er að raða saman öllum vottuðum vörum undir heitið "Grænni byggingar" til að auðvelda aðgengi viðskiptavina. Þegar smeltt er á vöru má finna hvort varan sé vottuð, rekjanleg eða beri önnur gögn sem nýtast í viðkomandi vistvottunarferli. Þar má ýmist finna EPD umhverfisfyrirleyfingu, VOC vottun eða FSC vottun

Áherslan á árinu 2021 var að auka framboð af vistvænum vörum og hefur BYKO greint vöruframboð nokkurra lykilbirgja með hliðsjón af viðmiðum Svansins annars vegar og BREEAM hins vegar.

[Grænni byggingar](#)

Vefur og gögn

Eitt af markmiðum ársins 2021 var að fjölga vistvænum vörum á vef ásamt þeim gögnum sem skila þarf inn þegar sóst er eftir vottun á byggingar. Stafræn vegferð fyrirtækisins hefur aðeins tafið fyrir þar sem vefurinn er í endurhönnun og frekari tæknilausnir væntanlegar. Vörum á vef hefur hins vegar sannarlega fjölgað og vistvænar vörur eru þar engin undantekning. Einnig er byrjað að koma inn á vefinn gögnum sem tengjast gæðastjórnunarkerfi byggingastjóra, CE vottunargögnum o.fl. Þetta verkefni heldur áfram inn í árið 2022 og markmiðið er að allar vistvænar vörur sem nýtast í vistvænar byggingar verði vandlega merktar ásamt öllum gögnum á vefnum fyrir lok árs 2022.

Svanurinn

Svansvottaðar eða hafa þá fengið samþykki frá Umhverfisstofnun sem leyfilegar vörur sem Svanurinn samþykkir. Í stuttu máli þýðir það að efna- og byggingavörur mega ekki vera flokkaðar eða innihalda efni sem eru skilgreind sem krabbameinsvaldandi, geta valdið erfðabreytingum eða haft áhrif á starfsemi innkirtla. Auk þess bannar Svanurinn vissa efna- eða vöruflokkar sem af öðrum ástæðum eru talin sérstaklega varasöm fyrir heilsu fólks eða umhverfið. Ástæða fyrir þessari áherslu BYKO er að kröfur fyrir vörur sem eru leyfilegar í Svansvottuð hús eru strangari en í flestum öðrum vottunarkerfum. Í verslunum BYKO eru leyfilegar vörur þær vörur sem Svanurinn hefur samþykkt að megi nota í Svansvottuð hús og þýðir eingöngu að vörurnar hafa verið rýndar með tilliti til hvort þær innihaldi ákveðin



skaðleg efni samkvæmt efnalöggjöf Evrópusambandsins. Nánari greining á vörum hefur ekki farið fram.

Svansvottaðar vörur hafa aftur á móti farið í gegnum lífferilsgreiningu þar sem að skoðuð hafa verið umhverfisáhrif vörunnar á öllum stigum hennar, framleiðslu, notkun og förgun. Kröfurnar á bak við umhverfisvottaðar vörur eru því mun strangari en fyrir vörur sem eru eingöngu leyfilegar í Svansvottað hús.

Munur á milli Svansvottaðra og leyfilegra vara veldur ákveðnum vandamálum í upplýsingagjöf. BYKO vill ekki gefa til kynna að leyfilegar vörur séu umhverfisvottaðar en samtímis benda á að þarna eru samt vörur sem er búið að greina út frá ákveðnum eiginleikum.

- Leyfilegar vörur má augljóslega ekki merkja með Svaninum en þarf samt að gefa til kynna á einhvern máta. BYKO velti fyrir sér á árum áður að gera sér merki yfir leyfilegar vörur. Slík sérmerki geta ruglað neytendur og gefið í skyn að vörurnar séu vottaðar. Ákveðið var því að hafa við þessar vörur textann „Leyfilegt í Svansvottað hús“ án allra merkja.

Munurinn á milli vottaðra og leyfilegra vara er eftirfarandi:

- Umhverfisvottun nær yfir allan líftíma vörunnar, framleiðslu, efnainnihald, notkun og förgun
- Leyfilegar vörur ná eingöngu yfir efnainnihald vörunnar

BREEAM vottunarkerfi

Vistvottunarkerfið BREEAM tekur á mörgum þáttum eins og byggingarefnum, gæða- og umhverfisstjórnun, heilsu og vellíðan, orku, samgöngum, vatnsnotkun og nýtni, úrgang, landnotkun, mengun og nýsköpun. Kerfið byggist á stigagjöf þar sem frammistaða er metin út frá ofangreindum þáttum. Flest allar byggingar falla undir viðmið BREEAM, skólar, sjúkrahús, heilsugæslustöðvar, skrifstofuhúsnæði, iðnaðarhúsnæði en hingað til hefur ekki BREEAM fallið undir íbúðabyggingar enn sem komið er. Á árinu 2020 fór BYKO að skoða vöruframboð fyrirtækisins fyrir vistvænar vörur sem væru nothæfar í BREEAM vottuð verkefni og á árinu 2021 hefur þróun vistvæns vöruframboðs og þekking aukist til muna.



Höfuðstöðvar BYKO Breidd BREEAM vottaðar

BYKO hefur tekið þátt í verkefnum um Svansvottun en notkun BREEAM vistvottunarkerfisins hefur aukist mjög undanfarin ár. Góð yfirsýn yfir heildarferli Svansvottunar eru fyrir hendi en ekki voru komin viðmið um Svansvottun á skrifstofuhúsnæði. BYKO hefur skapað þekkingu um BREEAM innan fyrirtækisins og er með starfsmann sem hefur hlotið vottun með BREEAM Associate þekkingu. Tekin var ákvörðun um að nýjar höfuðstöðvar BYKO að Skemmuvegi 2a, yrðu BREEAM vottaðar.

Smáragarður, systurfélag BYKO, er eigandi hússins og hefur BYKO sem leigjandi verið í samstarfi allt árið 2021 er kemur að hönnun og efnisvali með tilliti til BREEAM vottunarkerfisins. Byggingin verður 5 hæða CLT (kross límdar timbureiningar) þar sem áhersla er lögð á náttúrulega lýsingu, góð loftgæði, fallega hönnun, endingu og gæði. Fyrsti hluti byggingarinnar er áætlað að verði tekinn í notkun í lok árs 2022 og byggingin í heild sinni á vormánuðum 2023. Við þetta skapast dýpri þekking og hægt verður að miðla reynslu áfram til viðskiptavina og áhugasamra.

Samstarfsverkefni í sjálfbærni

Visthús

BYKO tók fyrst þátt í verkefni með Visthúsi árið 2017 sem var fyrsta Svansvottaða íbúðarhúsið á Íslandi sem færði fyrirtækinu mikinn lærdóm og því hefur BYKO eftir það tekið markvisst þátt í verkefnum sem snúa að vistvænum byggingum og nýsköpun.

www.visthus.is

Visthönnun

Á árinu 2020 var farið af stað í nýju samstarfsverkefni með Visthönnun sem ætlar að byggja Svansvottað íbúðarhús, enda mikil þróun átt sér stað í vistvænum byggingarefnum síðan 2017 og því hægt að uppfæra þá þekkingu sem þegar er til staðar.

Eigendur Visthönnunar ætluðu sér að ljúka byggingunni á árinu 2021 en það markmið náðist ekki, BYKO hefur þó verið í góðum samskiptum við þau á árinu og framkvæmdir fara vel af stað. Samstarfið mun halda áfram inn í árið 2022 sem snýr að ráðgjöf frá BYKO um vistvæn byggingarefni.

www.visthonnun.is

Arkís Arkitektar

Annað samstarfsverkefni sem ákveðið var að taka þátt í á árinu 2021 var nýtt húsnæði undir starfsemi Arkís Arkitekta. Ákveðið var að fara í allsherjar endurbætur á eldra húsnæði og fá það Svansvottað. Teymi innan BYKO var sett saman sem hefur tekið virkan þátt í að skoða efnisþætti, koma með tillögur að efni og útvega það sem til þurfti. Endurbótunum lauk síðla árs 2021 og hefur BYKO einnig tekið virkan þátt í gagnaöflun og hönnun lausna sem henta í húsnæðið. Innanhúss hjá BYKO skapaðist ný þekking varðandi endurbætur og enn betri þekking á heildarferli Svansvottunar sem BYKO miðlar áfram út á markaðinn, von er að vottun verði lokið á vormánuðum 2022.

www.arkis.is

Visttorg

BYKO er í samstarfi við Visttorg, nýsköpunarverkefni þar sem unnið er að því að byggja upp gagnagrunn vistvænna byggingarefna á Íslandi. Markmiðið er að aðilar geti farið inn á einn stað og leitað eftir ákveðnum byggingarefnum og fengið þar upp alla möguleika, tekið upplýsta ákvörðun, valið réttu efnin og keypt þau. BYKO hefur miðlað gögnum og komið á tengingum til að hægt sé að þróa verkefnið áfram, þessu verkefni er ekki lokið og verður því haldið áfram stuðningur við þróun þess.

Uppbygging vistvænna framkvæmda

BYKO hefur átt fundi með aðilum sem stefna á mjög spennandi verkefni í vistvænni mannvirkjagerð og vonir standa til að fleiri slík verkefni fari af stað á árinu 2022. Það er markmið okkar að styðja við og stuðla að uppbyggingu mannvirkja, landsvæða og íbúðarhúsnæðis á vistvænan og sjálfbæran hátt.

Þátttaka verkefna á vegum íslenskra stjórnvalda

Þrátt fyrir að mikil þróun og vitundavakning hafi átt sér stað um losun byggingariðnaðarins þá þurfa allir að gera betur. BYKO er hluti af virðiskeðjunni og ber því ábyrgð. Þessa ábyrgð hefur BYKO lagt sig fram um að axla og hefur BYKO því átt fulltrúa í verkefnahópum sem vinna að vegvísi að vistvænni mannvirkjagerð. Þátttakan fólst í að skilgreina aðgerðir til að draga úr losun og umhverfisáhrifum mannvirkja- og byggingargeirans m.t.t. byggingarefna, skipulags og hönnunar mannvirkja, framkvæmdasvæða, notkunartíma mannvirkja og loka á líftíma þeirra.

Fræðsla til fagaðila á markaði

Söluhópur fagaðila hefur tekið á móti öllum þeim sem leitað hafa til BYKO eftir fræðslu og ráðgjöf um vistvæn byggingarefni og byggingaraðferðir. Einnig hafa sérfræðingur í sjálfbærni ásamt verkefnastjóra og vottuðum BREEAM ráðgjafa haldið erindi m.a. hjá löðunni og víðar á árinu 2021. Þeir aðilar sem sækjast eftir aukinni þekkingu eru verktakar, arkitektar, hönnuðir, fjárfestar o.fl. innan byggingariðnaðarins. Einnig fór BYKO aftur af stað með verktakamóttökur út á landsbyggðina til að fræða aðila og skapa samtalið um hvað getur iðanður gert og hvernig. Áhugaverð samtöl við aðila af öllum sviðum mun hvetja BYKO áfram í að miðla og sækja þekkingu gegnum kynningar, samtöl, samstarfsverkefni og þátttöku í verkefnum sem miða að aukinni sjálfbærni í byggingariðnaði.

Rekjanleiki timburs

Allt timbur sem BYKO kaupir inn kemur úr sjálfbærri skógrækt. Helstu merki fyrir sjálfbæra skógrækt eru Forest Stewardship Council (FSC) og Programme for the Endorsement of Forest Certification (PEFC).



Vottun er tvenns konar:

- Vottun á sjálfbærri skógrækt (FSC)
- Vottun á rekjanleika í virðiskeðju (PEFC)

Fyrri hlutinn felur í sér að skógræktin þar sem trén vaxa verður að fylgja ákveðnum viðmiðum um sjálfbæra skógrækt. Seinni hlutinn er að allir þeir sem koma að því að vinna timbrið eða að meðhöndla það verða að hafa rekjanleikavottun. Meðhöndlun felur meðal annars í sér að brjóta upp timburbúnt og selja borð eða lektur í stykkjatali. Um leið og búntinn eru brotin upp eða gögnin fjarlægð þá hverfur rekjanleikinn. Rekjanleikavottun felur í sér að hafa verkferla sem sýna framá að keypt timbur er frá sjálfbærri skógrækt og hvernig uppruni timburs er rakinn frá innkaupum til sölu. Allir milliliðir í virðiskeðjunni verða að hafa rekjanleikavottun.

Allt timbur sem BYKO kaupir kemur úr sjálfbærri skógrækt og er með rekjanleika vottun. BYKO er ekki með rekjanleikavottun. Strangt tiltekið getur BYKO því ekki sagt að það selji FSC eða PEFC vottað timbur nema þegar selt er í búntavís eða óbrotnum einingum. BYKO hefur aftur á móti komið upp verkferlum fyrir aðila sem eru að byggja Svansvottuð hús. Þessi ferill er ekki vottaður af FSC en er samþykktur af Svaninum þegar byggja á Svansvottuð hús.

Til baka í [Framtíðarsýn og innleiðing stefnu](#) flokka

Heimsmarkmiðin



BYKO skilgreindi árið 2019 fimm kjarnamarkmið og hóf innleiðingu á árinu 2020. Upphaf innleiðingar fólst í því að fræða starfsfólk um öll 17 heimsmarkmiðin og hvað þau þýða. Farið var ítarlega í þau markmið sem BYKO hafði skilgreint sem kjarnamarkmið og ástæðuna fyrir því af hverju þau markmið voru valin frekar en önnur. Árið 2021 fólst að mestu í að fá tilfinningu fyrir því hvernig hægt væri að mæta sig inn í markmiðin út frá verkefnum, hegðun og finna þau tækifæri sem betur mátti nýta. Það sem skiptir okkur máli er að geta haldið umræðunni á lofti og hjálpað hvort öðru í að átta okkur á mikilvægi markmiðanna.

Markmið okkar á árinu 2022 er að fara í dýpri fræðslu til starfsfólks og koma kjarnamarkmiðunum í ábyrgð hvernar deildar. Þetta verður framkvæmt með námskeiði, auka skilning, setja markmiðin í ábyrgð deilda, og hittast svo aftur ó mánuðum síðar til að draga fram lærdóm og yfirfara hvaða breytingar hafa átt sér stað.

Kjarnamarkmið

Allt timbur sem BYKO kaupir inn kemur úr sjálfbærri skógrækt. Helstu merki fyrir sjálfbæra skógrækt eru Forest Stewardship Council (FSC) og Programme for the Endorsement of Forest Certification (PEFC).



Tengt ofangreindum heimsmarkmiðum og áskorunum á Íslandi er BYKO að setja sér mælanleg og tímasett markmið. Röksemdir fyrir vali á þessum kjarnamarkmiðum og undirmarkmiðum er að finna [hér](#).

Til baka í [Framtíðarsýn og innleiðing stefnu](#) flokka

Mannauðsstefna

BYKO trúir því að starfsfólkið sé mikilvægasta auðlind til að ná árangri og því hefur félagið sett sér þá framtíðarsýn að skapa bestu heildarupplifun starfsfólks af BYKO sem vinnustað.

Mikið hefur verið unnið í átt að þeirri framtíðarsýn á árinu en ljóst er að um langtíma verkefni er að ræða ef vel skal takast. Lykillinn að því að fá gott starfsfólk til starfa er að hafa gott orðsprot, sterka ímynd og vinnustað sem starfsfólk mælir með. Framtíðarsýn BYKO vinnur að því markmiði.

Mannauðsstefna BYKO er samansett úr þremur stefnum:

- [Jafnlaunastefna](#) byggir á jafnlaunastefnunni sem var vottuð árið 2020 er aðgerðaráætlun í jafnréttismálum í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna
- **Starfsmannastefna** byggir á þeim meginþáttum sem snúa að ánægju, starfsþróun, þjálfun, jafnrétti og faglegri stjórnun
- [Persónuverndarstefna](#) snertir hvoru tveggja mannauð fyrirtækisins og viðskiptavini

Mannauðsstefna félagsins er til endurskoðunar og verður gefin út á árinu 2022.

Til baka í [Framtíðarsýn og innleiðing stefnu](#) flokka

Innleiðing stefnu

Sjálfbærnistefna BYKO

Undirrituð af framkvæmdastjórn árið 2021 og innleiðing hafin.

[Opna Sjálfbærnistefnu](#)

Umhverfisstefna BYKO

Innleidd árið 2019.

[Opna Umhverfisstefnu](#)

Mannauðsstefna BYKO

Jafnlaunavottun árið 2020. Jafnréttisáætlun innleidd 2021.

Mannauðsstefna félagsins er í endurskoðun og verður gefin út árið 2022.

[Opna Mannauðsstefnu](#)

Bílar, tæki og hleðslustöðvar

Á árinu 2021 voru ekki nein útskipti á vélum og tækjum og því hlutfallið hið sama og árin á undan. Þó er fyrirhuguð útskipti á stórum tækjum yfir í rafmagn.

Á árinu 2021 var heildarfjöldi bifreiða á vegum fyrirtækisins 42. Skipting bifreiða var að 21% var bensín, 26% dísel, 31% hybrid og 21% rafmagn. Heildarhlutfall rafmagnsbíla fyrirtækisins var því 52% á móti bifreiðum knúnum jarðefnaeldsneyti.

	2021	2020	2019
Vélar og tæki rafvædd	63%	63%	63%
Hlutfall rafmagnsbifreiða	52%	18%	6%
Hleðslustöðvar frá ON fyrir viðskiptavini - fjöldi	9	9	9
Hleðslustöðvar fyrir starfsfólk - fjöldi	14	6	6

Hleðslustöðvar fyrir rafmagnsbíla

- Fyrir utan verslanir BYKO eru tvær hleðslustöðvar á Akureyri, fjórar í Breidd, tvær á Selfossi auk hraðhleðslustöðvar á Selfossi frá Orku náttúrunni sem ætluð er til að þjónusta viðskiptavini BYKO. Þær voru opnaðar árið 2019.
- Fyrir utan starfsstöðvar BYKO í Breidd, á Granda og á Selfossi, hafa verið settar upp hleðslustöðvar fyrir starfsfólk sem eru á eigin rafmagnsbílum. Starfsfólk fær því að hlaða á vinnutíma sér að kostnaðarlausu. Fyrstu sex stöðvar voru settar upp á skrifstofusvæði Breiddinni árið 2019. Árið 2021 voru tvær stöðvar settar upp til viðbótar við skrifstofusvæðið í Breiddinni, ein á Granda, ein í Kjarlövog, tvær í lagnadeild Breidd og tvær á Selfossi eða samtals 8 til viðbótar.
- Áætlað er á árinu 2022 að setja upp stöðvar fyrir starfsfólk á Akureyri, Suðurnesjum og nýrri starfsstöð BYKO Leigu á Selhella.

Á öllum starfsstöðvum þar sem hlöður hafa verið settar upp er gert ráð fyrir stækkunarmöguleikum og því auðveldlega hægt að bæta við eftir þörfum til að hámarka nýtingu fjárfestinganna.

Orkunotkun húsnæðis

BYKO hefur gripið til aðgerða til að draga úr notkun á hita og rafmagni. Framkvæmt er reglubundið eftirlit með loftræsingum, snjóbræðslu og hitablásurum til að koma í veg fyrir orkusóun og hægt sé að grípa til aðgerða sé þess þörf. Loftræstikerfi eru keyrð niður á nóttunni á flestum stöðum fyrirtækisins og útljósin eru stýrð á sólúrs birtuskynjara sem slekkur á þeim þegar er orðið bjart.

Á árinu 2021 luku verslanir við útskiptingu á LED lýsingu sem hófust árið 2019 þar sem skipt var út ljósgjöfum fyrir LED ljósgjafa en um 80% orkusparnaður fæst við notkun á LED perum í samanburði við hefðbundnar glóperur. Í kjölfarið fylgir minni úrgangur þar sem ekki þarf að skipta jafn oft um perur og því minna gengið á auðlindir.

Til að gefa glögga mynd á sparnað þá er ábataútreikningur fyrir verslun BYKO á Selfossi áætlað 120 þúsund kWh á ári. Húsnæði annarra verslana eru ekki í eigu BYKO en í skoðun með húseigendum.



Vistvænt vöruframboð

Í umhverfisstefnu BYKO er ein af áherslum sú að bjóða upp á vistvæna valkosti í öllum vöruflokkum. Hlutverk BYKO er að vera skýr valkostur viðskiptavina þegar kemur að umhverfissvænum lausnum. Umhverfissvænt vöruframboð BYKO er tilgreint á heimasíðu fyrirtækisins með umhverfismerkingum sem upplýsingagjöf til að leiðbeina viðskiptavinum.

Á árinu 2020-2021 var farið í þá vinnu að gera grein fyrir því umhverfissvæna vöruframboði sem tilheyrði Svaninum annars vegar og svo BREEAM hins vegar til að auðvelda viðskiptavinum að fá upplýsingar um það byggingarefni sem er gjaldgengt í þessi vistvottunarkerfi. Einnig hafa þau gögn sem fylgja skuli vörum fyrir BREEAM vistvottunarkerfi gerð aðgengileg á heimasíðu BYKO, gögn á borð við EPD umhverfisyfirlýsingar og ýmis konar vottorð. Með því móti er BYKO að þjónusta viðskiptavinum betur og auðvelda þeim stigagjöf í BREEAM kerfið. Hluti bygginga fer stækkandi sem eru byggð úr umhverfissvænum vörum og henta í Svansvottaðar byggingar eða BREEAM vottaðar byggingar og innan fárra ára verður stór hluti bygginga vottaður.



Kolefnisbinding

BYKO hefur frá árinu 1987 stundað skógrækt en þá hófu eigendur og starfsmenn árlega gróðursetningu á Drumboddsstöðum II í Biskupstungum. Frá þeim tíma og fram til 2007 voru gróðursettar um 130 þúsund trjáplantna og hefur á þessum tíma náttúrulegt birki breiðst mikið út af sjálfsdádum. BYKO fór síðan í samstarf við Skógræktina haustið 2019 til að gera úttekt og meta bindingu skógarins og fór úttektin fram á árinu 2020 þar sem skóglendið var kortlagt og bindingin metin með viðurkenndum og vísindalegum hætti.

Samkvæmt niðurstöðu er binding mjög svipuð fram til 2030 og hún var 2020 eða að jafnaði 1200 tonn CO₂ á ári.


[Ítarlega skýrslu um úttektina má nálgast hér](#)

Gróðursetning hafði ekki verið framkvæmd síðan árið 2007 og stóð til að endurvekja þá hefð árið 2020 með eigendum, starfsfólki og fjölskyldum þeirra fyrst og fremst út frá gleðilegum gildum sem einkenndu þessar árlegu ferðir en um leið í þeirri viðleitni að auka bindingu kolefnis úr andrúmsloftinu. Vegna Covid-19 hafði ekki gefist kostur að fara í slíka ferð, hvorki árið 2020 né árið 2021. Tekið var þá á það ráð að fá Skógræktina til að sjá um gróðursetninguna árið 2021 til að standast við þau markmið að auka kolefnisbindinguna.




Í september 2021 fóru forsvarsmenn frá Skógræktinni og jarðunnu svæði fyrir gróðursetningu á Drumboddsstöðum. Svæði sem hafði verið skoðað 2019 og sammælt var um að setja undir skógrækt. Það hafði lítið sést til sólar og rignt mikið á Suður- og Vesturlandi sumarið og haustið 2021 og að þeim völdum ákváðu forsvarsmenn Skógræktarinnar að breyta aðeins um takt í gróðursetningum. Landið sem átti að byrja á var mjög blautt og ekki fært yfirferðar á dráttarvél. Til að þess að fara ekki að raska landinu að óþörfu ákváðu þeir að byrja neðar (sunnar) í landinu þar sem hæfilega þurrt væri. Jarðunnið var 1,5 hektari með svokölluðu TTS-herfi. Þetta er gert til þess að auka lifun plantanna og hjálpa þeim að vaxa betur fyrstu árin. Jarðvinnslurnar geta lítið groddalegar úr svona rétt þegar þær eru nýjar en gætt var að því að fara eins grunnt og hægt var og rétt skrapa efsta gróðurlagið ofan af. Þessar jarðvinnslur munu svo hverfa fljótt þegar gróðurinn nær sér á strik aftur.

Samið var við verktakan Jón Frey Bjarnason um að taka að sér gróðursetningu. Alls voru gróðursett 3270 plöntur. Tegundaskiptingin var eftirfarandi: 1600 stafafurur, 1000 sitkagreni og 670 birki. Tegundum var blandað af bestu getu til þess að mynda skemmtilegan blandskóg og þetta eru tegundir sem hjálpa hvor annarri í uppvextinum.



Mynd; Drumboddsstaðir 2021



Frampróun

Á árinu 2021 var stofnað nýtt svið sem heitir Framþróun verslunar og viðskiptavina. Undir því sviði eru markaðsmál, vefmál, heildarupplifun og sjálfbærni. Sviðið liggur þvert yfir skipulagið og þjónar þar með öllum stigum rekstursins. Stefna BYKO er að skapa bestu heildarupplifun viðskiptavina sinna, hvort sem það eru einstaklingar eða fagaðilar.

BYKO nálgast viðskiptavininn sína með heildrænni stefnumótun þar sem lykiláherslur eru stafræn framþróun, þverfaglegur skilningur og samvinna starfsmanna, persónumiðuð heildarupplifun og gagnadrifin ákvörðunartaka.

Með þessum lykiláherslun getur BYKO skapað bestu heildarupplifun viðskiptavinarar með sjálfbærni í fararbroddi. Viðskiptavinurinn er í forgrunni og heildarupplifunin í gegnum kaupferlið er samþætt. Unnið er að Omni-channel nálgun sem þýðir að áherslan er á þarfir og væntingar viðskiptavina (outside in).



Árið 2021 var fyrsta ár Framþróunarsviðs og voru eftirfarandi verkefni innleidd á árinu:

Sjálfsafgreiðslukassar

- Sjálfsafgreiðslukassar í BYKO Breidd voru teknir í gagníð í október 2021
- Aðrar verðslanir fylgdu hratt í kjölfarið og verður innleiðingu í öllum verslunum lokið fyrir hluta árs 2022
- Vinna við reikningsviðskipti í sjálfsafgreiðslu hófst í lok árs 2021 en áætlað er að sú vinna verði lokið í febrúar 2022. Með þessu geta allir viðskiptavinir BYKO notfært sér sjálfsafgreiðslukassana í öllum verslunum til að greiða fyrir vörur

Rafrænar tímabókanir

- Aukið úrval af tímaþókkunum við ráðgjafa á vegum BYKO fór á netið þar sem viðskiptavinir geta bókað tímaþókkunina í:
 - Pallaráðgjöf
 - Innréttingarráðgjöf
 - Framkvæmdaráðgjöf
 - Lítaráðgjöf
 - Viðskiptaráðgjöf

Málningardeildin í Breidd – Séð stöðu pantana á skjá

- Allar pantanir fara í gegnum pöntunarkerfi þar sem viðskiptavinir geti séð stöðuna á sinni pöntun á skjá við afgreiðsluna. Aukinn sveigjanleiki að geta rölt um búðina ef mikið er að gera í stað þess að standa í biðröð

Rafrænt númerkerfi í Málningardeild Breidd

- Fór í prófunarferli að viðskiptavinur geti tekið rafrænt númer með símanum sínum í stað þess að taka prentaðan miða
- Lærdómsferli hjá BYKO að fá viðskiptavini til að taka rafrænt númer með símanum sínum

Mitt BYKO

- Vinna við nýjar „mínar síður“ hófst seinni part árs 2021
- Markmið að gera viðskiptavini meira sjálfbærari í að nálgast og viðhalda sínum upplýsingum sjálfur
- BETA útgáfa fór í loftið í byrjun febrúar 2022

Afbakka útprentun reikningar

- Í enda júní 2021 fór inn virkni í kassakerfinu og sölukerfinu þar sem viðskiptavinir geta afbakka útprentun á A4 reikning og sínu eintaki af posa strimli
- Styður við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í að draga úr soun
- Virkinn fór inn í sjálfsafgreiðslukerfið þegar það var innleitt í október 2021

Rafrænt BYKO kort

- Vinna við rafrænt BYKO kort hófst árið 2021 en tilgangur kortsins er að viðskiptavinir geti skannað kortið til að skrá upplýsingar um viðskiptavin og úttektaraðila á reikning, þ.e. þurfa ekki að þilja upp kennitölur. Samhliða að viðskiptavinir geti viðhaldið þeim kortum sem eru í gangi á sínum kennitölum inn á Mitt BYKO. Kortin virka í öllu kassakerfinu og sölukerfinu en sjálfsafgreiðslan mun fylgja í kjölfarið
- Stuðlar að auknu öryggi og snertilausum viðskiptavinum á tíma heimsfaraldurs

Rafræn umsókn um reikningsviðskipti

- Viðskiptavinir geta sótt um reikningsviðskipti með rafrænum skilríkjum þegar umsókn á BYKO.is er fyllt út
- Aukinn sveigjanleiki fyrir viðskiptavini að þurfa ekki að mæta til að fylla úr umsóknarferlið á skrifstofutíma BYKO

Greiðslur með PEI appinu

- Viðskiptavinir geta greitt fyrir vörur með PEI appinu í öllum verslunum BYKO ásamt vefverslun BYKO

Rafrænt beiðnakerfi með Símanum PAY appinu

- Þróunarvinna hófst við seinni part árs 2021 við rafrænt beiðnakerfi í gegnum Símann PAY appið í samráði við lykil viðskiptavini BYKO
- Ferlið mun stuðla að auknu öryggi bæði fyrir þá viðskiptavini sem nota kerfið og BYKO um vörukaup
- Með þessu ferli þurfa viðskiptavinir ekki að framvísa lengur pappírs beiðnum við vörukaup sem styður við heimsmarkmið BYKO um að draga úr soun
- Áætluð er að þróunarvinna verði lokið í byrjun árs 2022

Til baka í [Framtíðarsýn og innleiðing stefnu flokka](#)

Mælikvarðar

[Efnahagur](#)

[Umhverfi](#)

[Samfélag](#)

Efnahagur

Efnahagslegt virði skapað og dreift

Úr rekstrarreikningi	2021	2020	2019	2018
Tekjur	24.444.350	20.763.951	19.990.786	19.194.634
Rekstrarkostnaður	2.923.865	2.820.999	2.407.567	2.569.702
Laun og launatengd gjöld	3.608.363	3.148.164	3.081.740	2.782.533
Arðgreiðslur	800.000	800.000	800.000	800.000
Tekjuskattur	312.077	202.641	215.136	302.507
Efnahagslegt framlag	7.644.305	6.971.804	6.504.443	6.454.743

Fjárhagsleg áhrif og önnur áhætta og tækifæri sökum loftslagsbreytinga

Bein losun gróðurhúsalofttegunda er fyrst og fremst vegna vöruflutninga og ferða starfsfólks. Ferðir og flutningar eru fyrst og fremst verkefni að takast á við án þess að teljast sérstök áhætta í starfseminni. Ferðir starfsfólks voru í mun minna mæli á árinu 2021 vegna Covid-19 og má gera ráð fyrir að þeim fari fækkandi til framtíðar í ljósi þeirra tækifæra sem sköpuðust við að nota tæknibúnað til þess að hittast á fundum, fara á ráðstefnur eða annað.

Stærsta áskorun BYKO varðandi loftslagsbreytingar er innbyggt kolefnisspor í byggingarvörum, þ.e. kolefnislosun við framleiðslu byggingarvara. Áskorun BYKO og samtímis tækifæri er að finna og bjóða vörur með minna kolefnisspor en þær vörur sem eru ráðandi á markaðnum í dag. Þær vörur sem eru með hátt innbyggt kolefnisspor eru t.d. steypa og múrvarur, állklæðning og einangrun eins og steinull. Tækifæri BYKO felast meðal annars í aukinni áherslu á timbur í byggingum, fjölbreyttu úrvali klæðninga með minna kolefnisspori og íslenskri steinull sem er eina steinullin í heiminum sem er framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum (vatnsaflí).

Birgjar

BYKO skilgreinir íslenska birgja sem birgja með íslenska kennitölu. Vörur íslenskra birgja geta átt sér uppruna erlendis. Hlutfall íslenskra birgja er 28% af aðkeyptum vörum og er hlutfall erlendra birgja því 72%

Mat á birgjum

Vöruúrval birgja hefur að hluta til verið greint með hliðsjón af því hvort vörurnar séu leyfilegar í Svansvottuð hús eða önnur vottunarkerfi eins og BREEAM eins og list er í kaflanum um vistvænt vöruframboð. Einstakir birgjar hafa ekki verið greindir út frá samfélagslegum sjónarmiðum svo sem nauðungar- eða barnavinna. Birgjasamsetning hefur þó verið skoðuð út frá landfræðilegri staðsetningu þeirra. Megnið af öllum birgjum BYKO eru innan EES eða um 88% og þar af leiðandi um 12% utan EES, að mestu í Asíu. Það eru þeir birgjar sem þyrfti í byrjun að leggja áherslu á að skoða nánar en slíkt hefur ekki verið gert.

Til baka í [Mælikvarða](#) flokka

Samfélag

Mannauður

Hjá BYKO störfuðu að meðaltali 597 einstaklingar árið 2021. Heildarstarfsmannavelta lækkar milli ára 2021 og 2020 um 8,2% og starfsmannavelta meðal fastráðinna lækkað um 0,7%. Starfsmannavelta félagsins á árinu 2021 var 13,4% meðal alls starfsfólks en 12,9 % meðal fastráðinna.

562 einstaklingar sóttu um starf hjá BYKO á árinu 2021 en nýjir starfsmenn á árinu voru 183 talsins.

Meðalstöðugildi á árinu 2021 voru 382,60. Kynjaskipting stöðugildi var 23,52% konur og 76,45% karlar og óskilgreint 0,03%.


Á árinu 2021 var fjarvera vegna veikinda 10,8 dagar pr. Stöðugildi. Karlar voru að meðaltali frá í 10 daga pr. Stöðugildi en konur 13 daga pr. Stöðugildi.

Fjarvera vegna veikinda barns var 0,44 klst pr. Stöðugildi. Veikindi barna eru breytileg m.t.t. kyns. Árið 2021 voru konur frá að meðaltali 0,57 klst vegna veikinda barns pr. Stöðugildi samanborið við 0,39 klst meðal karla.

Meðal veikindahlutfall á árinu var 4,42% þar af 4,17% vegna veikinda starfsfólks og 0,26% vegna veikinda barns.

Meðalstarfsaldur við lok árs 2021 var 6,8 ár, karlar 6,9 ár og konur 6,2 ár. Meðalstarfsaldur fylgir línulegri dreifingu aldurs eða með hækkandi lífaldri er meðalstarfsaldur almennt lengri. Meðalstarfsaldur karla hefur hækkað um 0,6 ár frá fyrra ári en meðalstarfsaldur kvenna hækkað um 1,2 ár.

Meðallífaldur við lok árs 2021 var 36 ár, flest starfsfólk er á aldursbilinu 20-29 ára. Þegar kynjaskipting er skoðuð eftir aldursdreifingu sést að flestar konur eru á aldursbilinu 30-39 og 50-59 ára.





Kynjaskipting


Kynjahlutfall einstaklinga í vinnu hjá BYKO árið 2021 var 76,45% karlar, 23,52% konur og 0,03% skilgreint sem annað. Hlutfall kvenna helst nokkuð jafnt síðustu ár eða á bilinu 23-24%.

	Hlutfall kvk	Hlutfall kk	Annað
2021	23,52%	76,45%	0,03%
2020	24%	76%	0%
2019	23%	77%	0%
2018	23%	77%	0%
2017	23%	77%	0%

Sé skoðað kynjahlutfall eftir sviðum sést að kynjaskipting er jöfn á rekstrarsviði og framkvæmdastjórn við lok árs 2021 og nánast jafnt á frampróunarsviði. Minnsta hlutfall kvenna er á fyrirtækjasviði eða 6% af starfsfólki sviðsins. Á árinu hlaut félagið viðurkenningu jafnvægisvogarinnar fyrir að hafa jafnað kynjahlutföll í stjórn og framkvæmdastjórn félagsins.

Enn er áskorun að fjölga öðrum kynjum en körlum innan félagsins en s.l fimm ár hefur hlutfall karla verið um 76-77% af starfsmannahópnum.

Huga þarf að því hvernig félagið getur laðað að sér fjölbreytileika m.t.t. kyns en á árinu 2021 voru



Jafnréttisvegferð

Á árinu voru lögð grunnskref að jafnréttisvegferð félagsins þar sem jafnlaunastefna og jafnréttisáætlun félagsins var tekin til endurskoðunar. Áður hefur félagið sett jafnrétti á oddinn með því að velja heimsmarkmið um jafnrétti sem eitt af sínum kjarnamarkmiðum.

Árið 2019 skrifaði BYKO undir jafnvægisvog FKA. Á árinu 2021 hlaut BYKO viðurkenningu jafnvægisvogarinnar fyrir árangur félagsins í að jafna hlut kvenna og karla í framkvæmdastjórn og stjórn félagsins.

BYKO hlaut jafnlaunavottun í febrúar 2020 og stóðst viðhaldsúttekt fyrir árin 2020 og 2021. Launamunur kynjanna náði ekki markmiði félagsins í síðustu greiningu. Launamunur heildarlauna mældist 2,3% konum í óhag. Launamunur grunnlauna mældist 1,6% konum í óhag. Launamunur minnkar um 2% í heildarlaunum og 3% í grunnlaunum frá fyrra ári. Fylgni milli launa og mats á störfum hækkar um 6% fyrir heildarlaun og 5% fyrir grunnlaun. Níu af tólf starfslökkum mældust utan markmiðs félagsins um innan við 1% launamun. BYKO hefur nú fjárfest í hugbúnaði til að auðvelda eftirfylgni með þróun launamunar og vinna að stöðugum umbótum.

BYKO hefur mótað viðbragðsáætlun fyrir einelti, kynbundnu áreitni, kynferðislegri áreitni og ofbeldi (EKKO). Á árinu stofnaði BYKO til samstarfs við Siðferðisgáttina og gerir þar með starfsfólki kleift að leita til utanaðkomandi óháðs aðila ef upp koma erfið mál. Mælingar á tíðni atvika, upplifunar og tilkynninga er hluti af árlegu mati á sálfélagslegum þáttum.

Félagið mun frá upphafi árs 2022 styðja við starfsfólk sem vill nýta sér rétt sinn til foreldra- og fæðingarorlofs og höfða þar til allra kynja. Á árinu 2021 fóru 20 starfsmenn í fæðingar- og eða foreldraorlof, að meðaltali tvo mánuði hver. Konur fóru að meðaltali í 2,47 mánuði en karlar í 1,67 mánuði.

Á árinu var lögð áhersla á styttingu vinnutíma og fjölda samfelldra vinnudaga hjá starfsfólki í verslunum. Markmið styttingunnar er að huga enn frekar að andlegri og líkamlegri líðan starfsfólks með auknu jafnvægi milli vinnu og einkalífs.

Við erum meðvituð um jafnréttissjónarmið og fjölbreytileika þegar kemur að markaðsefni félagsins og meðvitað vinnum við að því að brjóta niður staðalímyndir í byggingar- og verslunariðnaði. Uppfærð útgáfa af jafnréttisáætlun félagsins tekur t.a.m til markaðsefnis BYKO. Einnig viljum við vera eftirsóknarverður vinnustaður fyrir einstaklinga af fjölbreyttum uppruna og greiðir BYKO fyrir íslenskukennslu fyrir starfsfólk með annað móðurmál en íslensku.

Á árinu var ráðist í fræðslu meðal stjórnenda og nýliða um ómeðvitaða hlutdrægni og leiðir til að draga úr áhrifum þess.

Fræðsla og þjálfun starfsfólks

BYKO skólinn sem var stofnaður í lok árs 2019 hefur náð að festa sig í sessi og var hann haldinn þrisvar sinnum á árinu 2021. Áhuginn á skólanum hefur verið mikill og hafa margir eldri starfsmenn sýnt skólanum áhuga og hafa óskað eftir að fá setjast á skólabekkinn. Skólinn er hugsaður sem fræðsla fyrir nýja starfsmenn þar sem þeir fá kynningu á flestu sem tengist BYKO, gildi BYKO, sögu þess og hlutverk deilda. Einnig fá þeir sölupjálfun, sjálfstýrkingu og fleira. Í þessi þrjú skipti á árinu 2021 hafa 34 starfsmenn setið skólann.

Í lok árs 2020 var fenginn ráðgjafi í samstarfi við stéttarfélagin til að útbúa fræðsluáætlun fyrir árið 2021. Sú vinna var unnin með rýnhópavinnu og var tekið samtal við 40 starfsmenn og þeir beðnir um að tala um hvaða ætti að leggja áherslu á í fræðslu. Niðurstöður úr þessarar vinnu var áhersla í fræðslu fyrir árið 2021. Námsvísir var gefin út haustið 2021 sem byggði á þeirri greiningu. Í námsvísi gat starfsfólk nálgast upplýsingar um þá fræðslu og þjálfun sem stæði þeim til boða á komandi vetri.

Áfram var unnið að því að færa fræðslumál á rafrænt form og framleiða efni innanhúss. Á árinu var fjárfest í rafrænu fræðslukerfi sem mun vera tekið í gagnið á nýju ári. Með því kerfi getum við betur komið til móts við þarfir starfsfólks um fjölbreytta fræðslu sem er þeim aðgengileg þegar þeim hentar. Einnig getum við þar útbúið námslínur fyrir mismunandi störf og þar með ná betur að aðlaga nám að þörfum hvers og eins.



Líðan og heilsa starfsfólks

Árið 2021 lítaðist líkt og fyrra ár af heimsfaraldri sem hafði áhrif á líðan og heilsu starfsfólks. Höfðað var til starfsfólks í meira mæli en áður að huga að andlegri og líkamlegri líðan ásamt því að benda á upplýsingar, tæki og tól sem gætu gagnast þeim á þeirri vegferð.

BYKO lét líka framkvæma samfélagslegt áhættu mat í lok árs 2020 en könnunin var opin fyrir svörum frá 16.12.2020 til 22.1.2021. Öllu starfsfólki bauðst að taka þátt í könnuninni og var svarhlutfallið 52%. Í niðurstöðum kemur fram að 80% starfsfólks tilgreindi að það væri ánægð í starfi hjá félaginu og 3,2% starfsfólks tilgreindi að það væri óánægð í starfi hjá félaginu. 45,5% þeirra sem svöruðu könnuninni tilgreindu að þau myndu almennt fyrir mikilli streitu í starfi sínu, 24% þeirra máttu að þeirri streitu fylgdi mikil vanlíðan. 64% svarenda voru sammála að gott jafnvægi væri milli vinnu og einkalífs. 54% svarenda tilgreininir að það sé oft úrvinda í lok vinnudags.

Félagið styður starfsfólk til að stuðla að bættri líðan og heilsu með

- Líkamsræktarstyrk
- Flensuspauptu
- Heilsufarsskoðun
- Aðgengi að trúnaðarlækni
- Sálfræðipjónustu

Líkamsræktarstyrkurinn er 25.000 kr á hverju tólf mánaða tímabili. Árið 2021 voru 41 einstaklingar sem nýttu sér styrk félagsins samanborið við 39 árið áður.

Aðgangur starfsfólks að trúnaðarlækni, flensuspauptu og heilsufarsmælingu er þeim að kostnaðarlausu. BYKO greiðir allt að fjóra tíma í sálfræðipjónustu fyrir starfsfólk á ári.

Starfsfólki hefur boðist síðustu þrjú ár að gera samgöngusamning um nýtingu á vistvænum samgöngum til og frá vinnu gegn greiðslu á mánaðarlegum styrk. Styrkurinn er 7.500 kr á mánuði og er skattfrjálur. Á árinu 2021 nýttu 51 einstaklingar sér samgöngustyrk félagsins eða að meðaltali 39 einstaklingar í hverjum mánuði.

Öryggi og vinnuvernd

Öryggis- og eftirlitsdeild BYKO sér um málefni vinnuverndar hjá BYKO og starfa þriggja manna öryggisnefndir á öllum starfsstöðvum fyrirtækisins. Nefndirnar eru sjö talsins og í þeim er öryggistrúnaðarmaður starfsfólks (kosinn af starfsmönnum), stjórnandi á starfsstöð (öryggisvörður) og öryggisstjóri BYKO.

Meginverkefni öryggis- og eftirlitsdeildar:

- Stefnumörkun, þróun og umbótastarf í öryggis- og vinnuvernd
- Þjálfun og fræðsla
- Vinnuvernd og öryggi starfsmanna
- Innra og ytra eftirlit með vörurýrnun
- Vörutalningar, innra og ytra eftirlit með birgðum
- Rekstur öryggis- og björgunarkerfa
- Áhættumat, innleiðing og eftirlit

Meginverkefni öryggisnefnda:

- Stefnumörkun, þróun og umbótastarf í vinnuvernd
- Þjálfun og fræðsla
- Vinnuvernd og öryggi starfsmanna
- Áhættumat, innleiðing og eftirlit



Forgangsmál ársins voru gerð áhættumats, endurunnin áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað og innleiðing hennar. Á árinu var áhættumat framkvæmt, neyðaráætlun útbúin sem og öryggishandbók. Allir fulltrúar í öryggisnefndum hafa einnig fengið viðeigandi námskeið í öryggis- og vinnuverndarmálum. Árið 2021 var farið yfir í rafrænt áhættumat, það er verkefni sem var alfarið unnið innan BYKO.

Heimsfaraldur Covid-19 farsóttarinnar gjörbreyttu öllum áætlunum í starfseminni og voru fyrirhuguðum fræðslufundum í langflestum tilfellum frestað um ófyrirséðan tíma.

Á árinu voru haldin fjöldi öryggisnámskeiða fyrir starfsmenn og sóttu um 100 starfsmenn námskeiðin. Mun færri námskeið voru haldin en fyrirhuguð voru og mun færri starfsmenn sem þau sátu en undir eðlilegum kringumstæðum og er það heimsfaraldur sem hefur stýrt aðgengi að fræðslu á árinu og því ákveðið að fara áfram með rafræna fræðslu sem getur þá haldið áfram óháð ástandi í heiminum.

Mannauðssvið BYKO undirbýr á árinu 2022 innleiðingu á rafrænu fræðslukerfi og þangað mun öll rafræn fræðsla öryggis- og eftirlitsdeildar fara inn og vera bæði skyld að hluta en einnig valkvæð fyrir starfsmenn. Stjórnendur hafa fengið eigin fræðsluflokka og fræðsluefni og er sérstök áhersla lögð á öryggismenntun stjórnenda á árinu 2022.

Öryggisstjóri stýrir deildinni sem telur fimm starfsmenn með vörutalningarhópi og birgðaeftirliti. Á skrifstofu BYKO er einnig starfsmaður sem hefur innra eftirlit að sínu aðalstarfi og heyrir hann undir öryggisstjóra félagsins. Hlutverk hans er að hafa eftirlit með því að viðeigandi verklagsreglum sé fylgt í daglegum rekstri félagsins. Í því skyni er m.a. beitt sérhæfðum upplýsingakerfum.

Starfskona er í öryggis- og eftirlitsdeild, hennar hlutverk er að stýra vörutalningum félagsins og heyrir hún undir öryggisstjóra.

Sítalningar voru innleiddar hjá öllum deildum BYKO á árinu 2021. Staðföst trú BYKO er að sítalningar (stöðugar daglegar vörutalningar) gefi besta mynd af raunstöðu birgða og rýrnun hjá félaginu heilt yfir og gefi færi á snörum viðbrögðum við óvæntum aðstæðum sem geti bætt flæði varnings og aukið hagnað félagsins. Undir vörutalningarstjóra er svo talningarfólk hvernar deildar.

Í byrjun árs bættist í hóp öryggis- og eftirlitsdeildar starfsmaður sem hefur að aðalstarfi birgðaeftirlit.

Hlutverk hans er að setja upp ferla, teikna upp skynsamlegasta flæði varnings í gegnum starfsstöðvar BYKO, innleiða samræmda ferla og styðja við þau svið sem hafa með innkaup og vörustýringu að gera. Markvissar daglegar úttektir á birgðastöðu hjálpa til við birgðastýringu og eflir þöntunarferli okkar og innkaup og kemur þannig bæði einstaklingum og stærri viðskiptavinum stöðugt flæði hráefna og varnings í íslenska byggingamarkaðinn.

Í lok árs bættist við nýr starfsmaður í deildina sem áður sinnti öryggisgæslu í verslun BYKO í Breidd en sinnir nú fjölbreyttum störfum samhliða öllu starfi öryggis- og eftirlitsdeildar.

Árangur innleiðingar á réttleika birgða og sítalningum

Innleiðingin gekk misvel eftir verslunum/deildum og skýrist það fyrst og fremst af stjórnun mönnunar á bakvið stöðugildin sem sinna þessu starfi.

Þar sem að innleiðing gekk vel er að sjá góðan árangur á skilning starfsmanna á réttleika birgða. Það koma margir að sítalningarverkefninu, allt frá undirbúningi talningarsvæðis og til eftirvinnslu. Að greina frávik á talningu samanborið við birgðir í AX kerfi og því fleiri sem sjá hag í að vera að telja yfir allt árið og þannig verið að gera fleiri lager leiðréttingar.

Þær breytingar sem hafa verið gerðar á starfsstöðvum til að auka réttleika birgða eru:

- Innleiðing sömu vörumóttökuferla á allar starfsstöðvar
- Innleiðing sömu ferla við flutning milli lagara/verslana
- Aukin samskipti við vörustjórnunarsvið til leiðréttinga á villum í vöruspjaldi
- Þrýst á að strikamerki séu virk í kerfinu á þeim vörum sem koma strikamerkt frá birgja
- Erum í innleiðingu á að allar vörumóttökur fari í gegnum skanna, ekki á pappír.

Árið 2022 verður áframhald á þessari miklu innleiðingu sem kallar á breytt verklag víða, allt frá vörustjórnunarsviði til sölumanns í verslun. Verið er að auka notkun skanna í allar aðgerðir til að hafa rekjanleika yfir allt sem gert er sem er nauðsynlegt til að auðvelda vinnu við að lagfæra ef það verða gerð mistök.

Áhættumat og hætta á spillingu


BYKO gerir úttektir á helstu áhættuatriðum í rekstri fyrirtækisins á sex mánaða fresti. Helstu áhættuþættir sem hafa verið greindir í þessum úttektum eru misnotkun afsláttar í sölukerfi, misferli starfsmanna, aðgangur óviðkomandi að lagersvæðum og svikatilraunir í gegnum tölvupóst og netsamskipti.

Fyrirtækið leggur áherslu á að minnka möguleg misferli á ýmsan máta. Öryggismyndavélum hefur verið komið upp á öllum starfsstöðvum þar sem slíkt er heimilt út frá persónuverndarsjónarmiðum. Stjórnendur, næstráðendur og lykilsstarfsmenn hafa fengið fræðslu um verklagsreglur gegn spillingu. Fjórir birgjar hafa verið í samstarfi við BYKO til að greina mögulega áhættu á svikastarfsemi auk þess sem hluti verktaka sem annast störf á athafnasvæði BYKO hafa fengið fræðslu varðandi áhættu á spillingu.

Á árinu komu 963 mál á borð öryggis- og eftirlitsdeildar. Stærsti hluti þessara mála eru tengd þjófnaði viðskiptavina eða 78% og um 18% eru öryggisatvik og óhöpp. Sum þessara öryggisatvika eru BYKO óviðkomandi og má þar t.d. nefna árekstra og önnur sambærileg á athafnasvæðum BYKO. Einum viðskiptasamningi var sagt upp á árinu vegna ítrekaðra atvika sem upp komu. Þrír starfsmenn fengu áminningu eða uppsögn vegna brota á reglum félagsins.

Tegund máls	Málafjöldi
Ágreiningur greiðsla	56
Ákeyrsla á eign BYKO	8
Áreiti og einelti	3
Beiðni frá lögreglu	9
Grunur um þjófnað	49
Innbrot	1
Kassamismunur	26
Misnotkun viðskiptareiknings	5
Mistök starfsmanna	2
Óhöpp starfsmanna	25
Óhöpp viðskiptavina	36
Pirraðir/ógnandi viðskiptavinir	5
Skemmdarverk	1
Tilraun til þjófnaðar	4
Tómar pakkningar	527
Vöruvantanir	4
Yfirgefnir bílar	7
Ýmis atvik	31
Ýmsar athuganir	1
Þjófvarnarbúnaður/hlið	26
Þjófnaður starfsmanna	1
Þjófnaður viðskiptavina	130
Samtals	963

Umhverfi



Efnisnotkun

Gerð er grein fyrir efnisnotkun í daglegri starfsemi BYKO en vörur til endursölu eru ekki taldar með.

Prentefni

Allt prentefni var keypt frá prentsmiðjunni Litla Prent sem er Svansvottuð prentsmiðja.

Plastnotkun

Engin plastpókanotkun hefur verið eftir árið 2020 en farið var í tilraun með að draga úr plastnotkun við plöstun vörubretta í Kjalarvogi, vöruhúss BYKO.

Árið 2021 náðist sá árangur að plastnotkun minnkaði um 35% við plöstun vörubretta í Kjalarvogi. Samkvæmt mælingum er líklegur plastsparnaður þar u.þ.b. 300 kg. á ársgrundvelli sem leiðir af sér 780 kg. sparnað á kolefnisútblæstri. Aðrar starfsstöðvar BYKO hafa ekki nýtt þessar tilteknu plastfilmur og felast því mikil tækifæri hjá BYKO að samhæfa þá ferla og minnka þannig plastnotkun í öllum starfsstöðvum sínum. Þessi tegund vöruplasts er að 30% hluta framleidd úr endurunnu plasti sem lækkar kolefnisútblástur plasticsins um 24% sem leggst ofan á þann kolefnissparnað sem hlýst af minni plastnotkun.

Ræstingar

Ræstingar eru aðkeypt þjónusta fyrir verslanir og skrifstofur BYKO og er leitast eftir að þjónustuaðilar séu Svansvottaðir eða nota umhverfisvæn ræstiefni. Orkunotkun

Orkunotkun

Eldsneytisnotkun

Eldsneytisnotkun stafar fyrst og fremst vegna eigin bíla og tækja og skiptist í bensín og gasolíu (litaða og ólitaða). Áherslur fyrirtækisins eru að skipta út hluta tækja- og bílaflota úr jarðefnaeldsneyti yfir í rafmagn.

Ár	2021	2020	2019	2018	2017
Eldsneyti í dm ³	108.446	113.373	115.405	122.327	123.963
Losun CO ₂ í tonnum	289,2	299,4	304,4	323,3	327,1

Áherslur fyrirtækisins á því að skipta út hluta tækja- og bílaflota úr jarðefnaeldsneyti yfir í rafmagn virðist því vera að skila árangri. Þrátt fyrir árangur og minnkun á eldsneytisnotkun þá hefði minnkunin venjulega orðið lægra en vegna Covid-19 þá jókst vefverslun og þar af leiðandi eldsneyti á bíla í heimkeyrslu.

Vöruflutningar

Vöruflutningar eru flutningar til landsins og innanlandsflutningar. Vöruflutningar til landsins eru sjóflutningar en þar nýtir BYKO bæði Samskip og Eimskip en er einnig með leiguskip sem flytur timbur og járn frá Lettlandi. Eldsneytistöður koma frá Eimskip og Samskip. Tölur frá Eimskip eru skipaflutningar til landsins en tölur Samskipa eru skipaflutningar með forflutningum erlendis. Tölur fyrir leiguskipið eru losunartölur reiknaðar út frá greiddu eldsneytisgjaldi sem þarf ekki að endurspegla nákvæma eldsneytisnotkun. Vöruflutningar innanlands eru flutningar á milli starfstöðva BYKO.

Umfang BYKO eru hraðsendingar til landsins með flugi sem og flutningar frá starfstöðvum BYKO til viðskiptavina.

Heildar vöruflutningar til landsins námu 62.821 tonnum og var losun gróðurhúsalofttegunda vegna þeirra 3.230 tonn af CO₂e.

Losun vegna vöruflutninga til og frá landinu og vegna flutninga til vöruhúsa Eimskip, Samskip, timburskip. Tölur vegna fraktflugs er ekki meðtalið.

Ár	2021	2020	2019
Heildarvöruflutningar til landsins Tonn	62.821	56.290*	55.000
Losun skipaflutninga Tonn CO ₂	3.230	2.852	3.072
Losun innanlands Tonn CO ₂	845	828	776
Heildarlosun CO₂	4.075	3.680	3.848

** Heildar vöruflutningar í tonnum voru rangar árið 2020 og leiðréttist hér með úr 50.291 tonnum í 56.290 tonn*

Flugferðir starfsmanna

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir flugferðum starfsmanna innanlands og erlendis.

2021	Flug innanlands	Flug erlendis	Samtals
Fjöldi ferða - <i>Air Iceland Connect</i>	122	-	-
Fjöldi ferða - <i>Icelandair</i>	92	-	-
Losun CO ₂ í tonnum - <i>Air Iceland Connect</i>	5,42	-	-
Losun CO ₂ í tonnum - <i>Icelandair</i>	4,08	11,54	-
Samtals CO₂ losun í tonnum	9,50	11,54	21,04

2020	Flug innanlands	Flug erlendis	Samtals
Fjöldi ferða	170	24	194
Losun CO ₂ í tonnum	6,8	8,8	15,6

10% af losun vegna flugs erlendis.

Með fjölda ferða er átt við ferðir til og frá Íslandi. Losun á við allar flugferðir, þar með talið á milli áfangastaða erlendis.

Rafmagn og upphitun

Tölur um rafmagn og upphitun eiga við um allar starfstöðvar BYKO með undantekningu fyrir lager leigudeildar að Þórðarhöfða og verslun BYKO á Granda þar sem fasteignir eru ekki í eigu fyrirtækisins.

Heildartölur:

Tegund orku	2021	2020	2019	2018
Rafmagn (kWh)	2.587.360	2.562.570	2.783.331	2.922.264
Losun CO ₂ í tonnum	27,17	*27,31	27,28	26,88
Heitt vatn (m³)	81.164	**76.705	93.164	91.370
Losun CO ₂ í tonnum	42,0	39,34	48,34	46,91
Losun CO ₂ í tonnum skv. Umhverfisstofnun	***0	***0	***0	***0

*Uppfærðar tölur frá fyrra ári þar sem eftirá álestur skilaði sér seint

**Uppfærðar tölur frá fyrra ári þar sem eftirá álestur skilaði sér seint

***Losunarstuðlar 4. útgáfa 2021 <https://ust.is/loft/losun-grodurhusalofteggunda/losunarstudlar/>

Losun er reiknuð út frá stuðlum fyrir hvert ár fyrir sig frá Umhverfisstofnun.

Greining á notkun hleðslustöðva fyrir rafmagnsbíla starfsmanna

Árið 2021 jukust hleðslustöðvar starfsfólks úr 6 í 13 milli ára en fyrstu stöðvar voru settar upp árið 2019. Það skýrir aukningu á rafmagnsnotkun, bæði vegna fjölda stöðva en einnig vegna fjölda starfsfólks sem hefur verið að skipta bifreiðum sínum úr jarðefnaeldsneyti yfir í rafmagn. Fleiri eru að nota stöðvarnar svo nýtingin er hærri en árið 2020. Niðurstaða fyrir árið 2021 er 42.677 kWh eða 42,677 kWst. Niðurstaðan fyrir árið 2021 samsvarar meðalnotkun 11-12 heimila á ári.

Rafmagn (kWh)	2021	2020	2019
Samtals fyrir árið	42.677	17.804,2	867,3

Meðhöndlun úrgangs

Terra sér um megnið af úrgangsmeðhöndlun eða um 90% fyrir BYKO og taka endurvinnsluleiðir mið af þeirri þjónustu sem Terra býður. Annar úrgangur fer til Sorpu eða Íslenska Gámafélagsins.

Úrgangur kg	2021	2020	2019	2018	2017
Blandaður úrgangur	121.762	117.077	147.652	137.691	97.275
Grófur úrgangur	130.153	149.640	198.011	161.760	179.590
Timbur - hreint	235.395	289.542	217.600	111.090	111.700
Timbur - blandað	168.920	148.280	226.350	257.150	235.500
Gips	272.090	118.220	165.940	63.710	49.100
Málmar	80.648	32.638	25.285	23.780	27.980
Jarðefni og gler	3.550	8.137	22.281	3.420	12.460
Önnur endurvinnsluefni	140.088	144.342	138.103	113.560	114.634
Jarðgerð / molta	3.830	3.633	2.127	558	916
Spilliefni og raftæki	9.654	8.897	1.748	n/a	n/a
Annað ótilgreint	10.220	4.538	8.687	n/a	n/a
Samtals	1.176.301	1.024.944	1.153.784	872.719	829.155

80,1% af úrganginum var flokkaður og 19,9% óflokkaður. Þetta er bæting frá fyrri árum en árið 2020 var 74% af úrganginum flokkaður og 26% óflokkaður. Árið 2019 var 70% af úrganginum flokkaður en 30% var óflokkaður.

Af flokkaða úrganginum fór hluti í förgun, þ.e. urðun eða brennslu. Munar það mest um jarðefni, gler og gips en gips er flokkað sér og urðað þar sem ekki má urða það með öðrum úrgangi. Hlutfall úrgangs sem fór til endurvinnslu var um 41%.

Mikil hækkun hefur átt sér stað í úrgangsflokknum "Gips" og stafar það af því að vöruhús BYKO í Kjarlöv var að farga á árinu ósöluhæfum birgðum af gipsi sem var búið að safnast upp í tvö ár. Ástandið á því var þannig að það var ekki hægt að gefa það áfram og þurfti því að farga.

Einnig er óvenjumikið um úrgangsflokkinn “Málmar” sem er flokkur sem þarf að greina betur.

Samkvæmt tölum frá Klöppum er losun gróðurhúsalofttegunda (GHL) frá meðhöndlun úrgangs 221 tonn CO₂ og hefur farið lækkandi milli ára en árið 2018 var losun þessa flokks 432 tonn CO₂.

Upplýsingar fyrir rekstrarárin 2019 og 2020 var ákveðið að birta ekki tölur um losun gróðurhúsalofttegunda (GHL) frá meðhöndlun úrgangs. Upplýsingar frá þjónustuaðilum samanborið við tilmæli Umhverfisstofnunar hvernig beri að reikna losun eru nokkuð misvísandi. Sem dæmi má nefna að samkvæmt útreikningum frá Klöppum var losun GHL vegna úrgangs sem fór í endurvinnslu rúm 200 tonn meðan að Umhverfisstofnun segir „*Þeir úrgangsstraumar sem fara í endurvinnslu valda engri losun og hafa því losunarstuðulinn 0*“.

Losun gróðurhúsalofttegunda

Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda á árinu var 4.412,41 tonn og skiptist eftirfarandi:

Uppruni losunar	Tonn CO ₂ 2021	Tonn CO ₂ 2020	Tonn CO ₂ 2019	Tonn CO ₂ 2018
Samgöngur / eldsneyti	289,2	299,4	304,4	323,3
Raforka og upphitun	27,17	**27,31	27,28	26,88
Flug innanlands og erlendis	21,04	15,6	*67,3	*66,7
Vöruflutningar alls	4.075	3.680	3.848	n/a
Meðhöndlun úrgangs	n/a	n/a	n/a	n/a
Samtals	4.412,41	***4.022,31	4.246,98	n/a
Kolefnisspor með mótvægisáðgerðum	1.200	1.200	n/a	n/a

* Árið 2019 og 2018 var eingöngu reiknað fyrir flug erlendis

** Uppfærðar tölur frá fyrra ári þar sem eftirá álestur skilaði sér seint

*** Samtala hækkar því eftir leiðréttingu úr 4.020,11 í 4.022,31

Sé losun fyrirtækisins sett í samband við umfang fyrirtækisins þá var velta BYKO á árinu 2021 24.444.350 milljónir. Losun í CO₂^{eq} var því 180,5 g/milljón í veltu og hefur því lækkað úr 193,6 g á hverja milljón í veltu eða niður um 6,8%.

Önnur losun

Önnur verulegu losun á sér ekki stað frá BYKO. Það á sér ekki stað nein losun á ósoneyðandi efnum. BYKO heldur ekki saman upplýsingum um losun á köfnunarefnisoxíð (NO_x), brennisteinsoxíð (SO_x) eða öðrum lofttegundum þar sem fyrirtækið hefur enga framleiðsluferla sem losa NO_x eða SO_x. Það væri einna helst vegna skipaflutninga. Timburskipið sem BYKO er með á leigu notar gasolíu (Marin Gasoil) með brennisteinsmagni undir 0,1%. Losun í opna viðtaka svo sem vatn eða jarðveg er ekki viðeigandi. Allt frárennsli er tengt við skólpkerfi viðkomandi sveitarfélags.

Til baka í [Mælikvarða](#) flokka

Markmið 2022

[Umhverfismál](#)

[Öryggismál](#)

[Mannauðsmál](#)

Markmið skýring á táknum



Markmið náðist að mestu eða fullu



Markmið náðist að hluta



Markmið náðist ekki

Umhverfismál

BYKO setti sér eftirfarandi markmið fyrir árið 2021 til að vinna markvisst að Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna sem valin voru viðeigandi fyrir starfsemi fyrirtækisins. Gert er hér grein fyrir árangri markmiðanna.

Skógrækt



Markmið 2021

Skógrækt BYKO endurvakin. Áætlað var að hefja skógrækt árið 2020 en vegna Covid-19 var því frestað. Markmið var að starfsfólk BYKO færi að Drumboddstöðum og gróðursetti 2500 plöntur árið 2021. Svæðinu hefur þegar verið skipulagt til fimm ára, kortlagt af Skógræktinni.

Árangur 2021

Sumarið 2021 var áætlað í gróðursetningu starfsmanna en vegna Covid-19 hindrana í fjöldatakmörkunum var því frestað. Hins vegar var Skógræktin fengin til að gróðursetja plöntur til að hefja bindingu aftur eftir margra ára hlé og voru gróðursettar 3270 plöntur sem er meira en áætlað var.



Markmið 2022

Áframhaldandi gróðursetning og markmið að bjóða starfsfólki BYKO að taka þátt á vormánuðum. Áætlað er að gróðursetja 3000 plöntur.



Eldsneytisnotkun



Markmið 2021

Minnta eldsneytisnotkun um 15% milli ára. Markmið BYKO er að minnka losun gróðurhúsalofttegunda (CO_2^{eq}) vegna tækja og bifreiða eða niður í 255 tonn CO_2^{eq} .

Árangur 2021

Minntun eldsneytisnotkunar var tæp 5% milli ára og náðist því ekki 15% markmið þrátt fyrir aukin orkuskipti í bifreiðum. Ástæðan kann að vera aukin umsvif í BYKO leigu þar sem notkun véla og tækja hefur verið meiri en farið verður í að greina það.

Markmið um losun gróðurhúsalofttegunda var 255 tonn CO_2 en lækkaði niður í 289,2 tonn CO_2 eða um 10 tonn CO_2 .

Ár	2021	2020	2019	2018	2017
Eldsneyti í dm^3	108.446	113.373	115.405	122.327	123.963
Losun CO_2 í tonnum	289,2	299,4	304,4	323,3	327,1

Markmið 2022

Minnta eldsneytisnotkun um 10% milli ára. Markmið BYKO er að minnka losun gróðurhúsalofttegunda (CO_2^{eq}) vegna tækja og bifreiða eða niður í 250 tonn CO_2^{eq} .

Plastnotkun



Markmið 2021

Skoða plöstin vörubretta og varnings í flutningi og besta ávinning þessa ferils. Markmið snýst um að ná sparnaði í plastnotkun og lækka það um 30% og minnka kolefnisfótsporið í takt við minni notkun plasts.

Árangur 2021

Árið 2021 náðist sá árangur að plastnotkun minnkaði um 35% við plöstin vörubretta í Kjalarvogi en það var tekin ein starfsstöð fyrir sem tilraun sem virkaði mjög vel.

Markmið 2022

Draga úr kolefnafótspori með notkun minna plasts.
Endurnýta plast sem fellur til með hringrásarhugsun og finna samstarfsaðila til að vinna að því að nýta plastið aftur með vöruþróun.

Úrgangsnotkun



Markmið 2021

Blandaður og grófur úrgangur undir 200 tonn og hækka hlutfall flokkunar úr 74% í 80%.

Úrgangur	2021	2020	2019	2018	2017
Tonn	252	267	350	300	270

Árangur 2021

Blandaður og grófur úrgangur voru 252 tonn og því náðist það markmið ekki. Mikil hækkan hefur átt sér stað í úrgangsflokknum "Gifs" og stafar það af því að vöruhús BYKO í Kjarlövog var að farga á árinu ósöluhæfum birgðum af gifsi sem var búið að safnast upp í tvö ár. Ástandið á því var þannig að það var ekki hægt að gefa það áfram og þurfti því að farga.

Hins vegar náðist það markmið að hækka hlutfall flokkunar upp í 80,1%.

Markmið 2022

Blandaður og grófur úrgangur undir 200 tonn og hækka hlutfall flokkunar úr 80,1% í 85%.

Hleðslustöðvar



Markmið 2021

Auka fjölda hleðslustöðva fyrir starfsfólk BYKO í Breidd um 2-4 stöðvar eftir þörfum og setja upp 2 hleðslustöðvar fyrir starfsfólk verslunar BYKO á Selfossi.

Árangur 2021

Fjöldi hleðslustöðva fyrir starfsfólk var aukið um 8 og jókst úr 6 í 14 í heildina.

- Tvær voru settar í Breiddina
- Tvær voru settar við Lagnadeild í Breidd
- Tvær voru settar við verslun á Selfossi
- Ein var sett við verslun á Granda
- Ein var sett við vöruhús í Kjarlövog

Markmið 2022

- Setja tvær hleðslustöðvar fyrir starfsfólk fyrir utan verslun á Akureyri.
- Setja tvær hleðslustöðvar fyrir starfsfólk fyrir utan BYKO Leigu á Selhelli.
- Setja tvær hleðslustöðvar fyrir viðskiptavinum fyrir utan BYKO Leigu á Selhelli.

Bifreiðar



Markmið 2021

Skipta út 12 bifreiðum af 17 yfir í rafmagn sem eykur þá hlutfallið úr 6% rafdrifnum bílum fyrirtækisins yfir í að vera 77% rafdrifnir.

Árangur 2021

Það má segja að árangur sé á réttri leið en fjöldi bifreiða er hærri árið 2021 en árið 2020 og því skiptast hlutföllin öðruvísi.

Eftir útskipti bíla á árinu er hlutfall rafdrifinna bifreiða kominn upp í 52% hlutfall sem skiptist þannig að 21% eru 100% rafmagn og 31% hybrid. Þar af eru 5 deilibílar sem eru 100% rafdrifnir en þeir eru ætlaðir starfsfólki í vinnutengd erindi. Með þessu vill BYKO ýta undir það að starfsfólk geti frekar nýtt sér almenningssamgöngur eða gengið/hjólað til vinnu og komist í vinnutengd erindi á vinnutíma án þess nota einkabílinn.

Einhverjar tafir hafa verið á afhendingu rafdrifinna bifreiða á árinu sökum framleiðsluvanda og voru því teknar inn hybrid bifreiðar til að brúa bilið.

Markmið 2022

Ná hlutfalli rafdrifinna bifreiða upp í 50% af bílaflota BYKO. Grundvallarforsenda fyrir þessu er að tafir í framleiðslu líði hjá.

Til baka í [Markmið 2022](#) flokka

Mannauðsmál

Ráðningar



Markmið 2021

Hlutfall kvenna sem nýráðningar 30%

Árangur 2021

Á árinu 2021 sóttu 562 um starf hjá félaginu, 24% þeirra voru konur. Á árinu hófu 183 einstaklingar störf hjá félaginu þar af 56 konur. Hlutfall kvenna sem nýráðningar á árinu því 30,6%.

Markmið 2022

Hlutfall kvenna sem nýráðningar 35%

Hlutfall kvenna í stjórnendastöðu



Markmið 2021

- Hlutfall kvenna af millistjórnendum 40%
- Hlutfall kvenna af stjórnendum 40%

Árangur 2021

Millistjórnendur við lok árs 2021 voru 19, þar af fimm konur eða 36%. Til millistjórnenda teljast allir þeir sem sinna stjórnunarstöðu og heyra beint undir framkvæmdastjóra sviðs innan BYKO. Stjórnendur við lok árs 2021 voru alls 73, þar af 20 konur eða 38%. Til stjórnenda teljast forstjóri, framkvæmdastjórar, millistjórnendur og stjórnendur sem heyra beint undir millistjórnendur.

Markmið 2022

- Hlutfall kvenna af millistjórnendum 40%
- Hlutfall kvenna af stjórnendum 40%

Launamunur



Markmið 2021

Launamunur kynjanna sé innan við 1%

Árangur 2021

Launamunur heildarlauna mældist 2,3% konum í óhag. Launamunur grunnlauna mældist

1,6% konum í óhag. Launamunur minnkar um 2% í heildarlaunum og 3% í grunnlaunum frá fyrra ári. Fylgni milli launa og mats á störfum hækkar um 6% fyrir heildarlaun og 5% fyrir grunnlaun. Níu af tólf starf flokkum mældust utan markmiðs félagsins um innan við 1% launamun. Á árinu 2022 mun fara fram hæfnigreining starfa sem gefur okkur betra utanumhald og göng til að styðjast við þegar ákvarðanir um laun eru teknar í stað þess að styðjast við launabil starf flokks.

Markmið 2022

Launamunur kynjanna sé innan við 1%

BYKO skólinn



Markmið 2021

- BYKO skólinn sé haldinn þrisvar sinnum á ári, í febrúar, mars og október ár hvert
- Öllu starfsfólki gert kleift að sækja skólann, svo lengi sem fjöldi nýrra starfsmanna nái ekki að fylla þau pláss sem eru í boði hverju sinni.

Árangur 2021

BYKO skólinn var haldinn þrisvar sinnum á árinu 2021. Því miður gafst ekki tækifæri á að bjóða öllu starfsfólki að sækja skólann vegna fjöldi nýrra starfsmanna.

Markmið 2022

Hluti BYKO skólans sé færður í rafrænt form. Staðbundinn hluti skólans sé haldinn a.m.k. þrisvar sinnum á árinu 2022. Öllu starfsfólki sé gefinn kostur á að sækja skólann.

Samgöngusamningur



Markmið 2021

Fjöldi starfsfólks sem nýtir sér samgöngustyrk félagsins verði a.m.k 60

Árangur 2021

Á árinu nýttu sér 51 starfsmaður samgöngustyrk félagsins, að meðaltali 39 einstaklingar á mánuði. Tekin verður upp ný aðferð fyrir starfsfólk til að sækja um samgöngustyrk þar sem mögulegt verður fyrir starfsfólk að sækja um styrkinn til styttri tíma. Í dag er fyrirkomulagið á þann veg að samningurinn er ótímabundinn. Vonast er til þess að fleira starfsfólk sjái sér fært að nýta samgöngustyrkinn sé skuldbindingin í styttri tíma en áður.

Markmið 2022

Fjöldi starfsfólks sem nýtir sér samgöngustyrk félagsins verði að lágmarki 60

Til baka í [Markmið 2022](#) flokka

Öryggismál

Vörurýrnun



Markmið 2021

Vörurýrnun í verslunum BYKO verði minni en 50% af meðalvörurýrnun í smávöruverslun á Íslandi. Fyrir árslok 2020 skal vera búið að innleiða hugbúnað hjá BYKO sem getur mælt rýrnun, flokkað niður á tekju-/kostnaðareiningar og vöruflokka. Þegar hugbúnaður er kominn er hægt að setja töluleg markmið.

Árangur 2021

Covid-19 setti öll markmið á bið um eitt ár þar sem verkefni öryggisdeildar fóru öll í aðgerðir gegn heimsfaraldrinum.

Markmið 2022

Vörurýrnun í verslunum BYKO verði minni en 50% af meðalvörurýrnun í smávöruverslun á Íslandi. Fyrir árslok 2022 skal vera búið að innleiða hugbúnað hjá BYKO sem getur mælt rýrnun, flokkað niður á tekju-/kostnaðareiningar og vöruflokka. Þegar hugbúnaður er kominn er hægt að setja töluleg markmið, þrátt fyrir að hugbúnaðarmálum hafi ekki lokið innan ársins erum við komin langleiðina að þessu markmiði.

Könnun SVP um þjófnað



Markmið 2021

Markmið BYKO er að í árslok 2020 séu a.m.k 35% íslenskra smásölufyrirtækja (út frá veltu) þátttakendur í könnun SVP um þjófnað/rýrnun úr íslenskri smásölu en til þess að fá marktækar tölur þurfa 50% af smásölufyrirtækjum á Íslandi taki þátt í slíkri könnun.

Árangur 2021

Covid-19 setti öll markmið á bið um eitt ár þar sem verkefni öryggisdeildar fóru öll í aðgerðir gegn heimsfaraldrinum.

Markmið 2022

Markmið BYKO er að í árslok 2022 séu a.m.k 35% íslenskra smásölufyrirtækja (út frá veltu) þátttakendur í könnun SVP um þjófnað/rýrnun úr íslenskri smásölu en til þess að fá marktækar tölur þurfa 50% af smásölufyrirtækjum á Íslandi taki þátt í slíkri könnun.

Kostnaður öryggismála



Markmið 2021

Markmið BYKO er að meta kostnað vegna öryggismála samanborið við sambærileg fyrirtæki á Norðurlöndum eins og t.d. BYGMA, Húsasmiðjan, Bauhaus, Jem & fix o.s.frv.

Árangur 2021

Covid-19 setti öll markmið á bið um eitt ár þar sem verkefni öryggisdeildar fóru öll í aðgerðir gegn heimsfaraldrinum.

Markmið 2022

Markmið BYKO er að meta kostnað vegna öryggismála samanborið við sambærileg fyrirtæki á Norðurlöndum eins og t.d. BYGMA, Húsasmiðjan, Bauhaus, Jem & fix o.s.frv.

Hugbúnaður fyrir skilavörur



Markmið 2021

Markmið BYKO er að taka í notkun hugbúnað fyrir skilavörur og ferla skil með skilvirkari hætti. Skilavöruferlar og innleiðing hugbúnaðar eiga að klárast á árinu 2020 og vera komið í fulla notkun í öllum verslunum BYKO í janúar árið 2021.

Árangur 2021

Covid-19 setti öll markmið á bið um eitt ár þar sem verkefni öryggisdeildar fóru öll í aðgerðir gegn heimsfaraldrinum.

Markmið 2022

Markmið BYKO er að taka í notkun hugbúnað fyrir skilavörur og ferla skil með skilvirkari hætti. Skilavöruferlar og innleiðing hugbúnaðar eiga að klárast snemma á árinu 2022 og vera komið í fulla notkun í öllum verslunum BYKO í mars árið 2022

Mæting á fræðsluerindi



Markmið 2021

Markmið BYKO er að með aðstoð rafræns hugbúnaðar og netfundarbúnaðar verði mæting 100% og að 50% allra fræðsluerinda fari fram á rafrænu formi en rafræn innleiðing á öryggisfræðslu fer fram á árinu.

Árangur 2021

Í raun má segja Covid-19 hafi sett flest markmið varðandi fræðsluerindi á ís eins og það gerði árið 2020. Þó voru nokkur námskeið haldin á árinu en mun betur má gera í þeim málum. M.a. voru haldin öryggisnámskeið fyrir starfsfólk verslana, stjórnendafræðsla og nýliðanámskeið í BYKO skólanum. Um 100 manns sóttu þessi námskeið.

Markmið 2022

Rafræna innleiðingin gekk ekki eins og skildi á árinu 2021 og var ekki að fullu innleidd. Haldið verður áfram með innleiðinguna á árinu 2022 og er stefnt á fullri innleiðingu á því ári. Þar sem lítur út fyrir að Covid-19 faraldurinn sé að deyta út þá er stefna Öryggis- og eftirlitsdeildar að bjóða uppá fjölmörg námskeið bæði á rafrænan hátt sem og námskeið á öllum starfsstöðvum fyrirtækisins. Samið hefur verið við vinnuvendarnamskeið.is um alla fræðslu sem snúa að vinnuvernd. Sú fræðsla hófst í janúar 2022 og er stefnt á að halda slík námskeið að lágmarki annan hvern mánuð. Unnið er í fræðsluskrá fyrir árið 2022 sem á að vera tilbúin á fyrsta ársfjórðungi. Einnig verður önnur fræðsluskrá gerð í lok árs sem gildir fyrir árið 2023.

Til baka í [Markmið 2022](#) flokka

Tilvísunartafla 2021

Sjálfbæriskýrsla BYKO fylgir viðmiðum Global Reporting Initiative GRI Standards sem tóku gildi 1. júní 2018. GRI gefur út sérákvæði fyrir fasteigna- og byggingariðnað sem BYKO skoðaði en mat þau ekki viðeigandi fyrir fyrirtækið þar sem BYKO er birgi á byggingarvörumarkaði en ekki byggingarfyrirtæki sem slíkt.

Tilvísun	Lýsing	Skýrslugjöf	Upplýsingar	Heimsmarkmið
Upplýsingar um fyrirtæki				
102-1	Nafn skipulagsheildarinnar		BYKO ehf	
102-2	Starfsemi, vörumerki, vörur og þjónusta		Um BYKO , Saga BYKO , Merkin okkar	
102-3	Staðsetning höfuðstöðva		Skemmuvegur 2a, 200 Kópavogur	
102-4	Staðsetning rekstrar		Öll starfsemi BYKO er á Íslandi	
102-5	Eignarhald og félagasform		BYKO er hlutafélag. Eignarhald var óbreytt á árinu. BYKO er 100% í eigu Norvík Iceland sem er síðan í 100% eigu Norvík ehf.	
102-6	Markaðir í þjónustu		Um BYKO , Verslanir	
102-7	Stærð skipulagsheildar		Umfang rekstrar	
102-8	Upplýsingar um starfsmenn og aðra starfskrafta		Umfang rekstrar	
102-9	Aðfangakeðja		Aðfangakeðja	
102-10	Verulegar breytingar á skipulagsheildinni og aðfangakeðju hennar		Aðfangakeðja	
102-11	Varúðarregla eða -nálgun		Alþjóðleg frumkvæði og samfélagsþátttaka	
102-12	Innleiðing utanaðkomandi frumkvæða		Alþjóðleg frumkvæði og samfélagsþátttaka	
102-13	Aðild að samtökum		Alþjóðleg frumkvæði og samfélagsþátttaka	
Stefna og greining				
102-14	Yfirlýsing frá æðsta ákvörðunartaka		Ávarp forstjóra	
Stjórnarhættir				
102-18	Stjórnskipulag		Stjórnskipulag	
Þátttaka og skuldbindingar hagsmunaaðila				
102-40	Listi yfir hópa hagsmunaaðila		Hagsmunaaðilar	
102-41	Sameiginlegir kjarasamningar		Allir starfsmenn vinna samkvæmt kjarasamningi VR	
102-42	Auðkenning og val á hagsmunaaðilum		Hagsmunaaðilar	
102-43	Verklag við virkjun hagsmunaaðila		Hagsmunaaðilar	

102-44	Helstu efnistöð og málefni	Hagsmunaaðilar
--------	----------------------------	--------------------------------

Mikilsháttar atriði og takmarkanir

102-45	Aðilar sem eru hluti af samstæðureikningsskilum	Um skýrsluna
102-46	Skilgreining á efni skýrslu og mörkum efnistaka	Um skýrsluna
102-47	Listi yfir viðfangsefni	Hagsmunaaðilar
102-48	Ítrekun upplýsinga	Stjórnskipulag
102-49	Breytingar á skýrslugjöf	Stjórnskipulag
102-50	Tímabil skýrslugjafar	Skýrslan gildir fyrir almanaksárið 2020
102-51	Dagsetning síðustu skýrslu	Maí 2019
102-52	Tíðni skýrslugjafar	Árleg
102-53	Tengiliður vegna upplýsingagjafar um skýrsluna	umhverfid@byko.is
102-54	Staðhæfingar um skýrslugjöf í samræmi við GRI staðla	Ávarp forstjóra
102-55	GRI efnisvísir	Tilvísunartafla
102-56	Ytri trygging	Um skýrsluna

Nálgun stjórnenda

103-01	Útskýring á viðfangsefni og mörkum þess	Hagsmunaaðilar
103-02	Stjórnunarnálgunin og þættir hennar	Mannauðsstefna; Vistvænar vörur; Öryggi og vinnuvernd
103-03	Mat á stjórnunarnálguninni	Markmið

Vísar um fjárhagslega frammistöðu

Fjárhagsleg frammistaða

201-01	Beint efnahagslegt virði sem er skapað og dreift	Að fullu	Efnahagslegt virði skapað og dreift	
201-02	Fjárhagsleg áhrif og önnur áhætta og tækifæri sökum loftlagsbreytinga	Að fullu	Fjárhagsleg áhrif og önnur áhætta og tækifæri sökum loftlagsbreytinga	
201-03	Skilgreint fyrirkomulag skuldbindinga um bætur og annað fyrirkomulag eftirlauna	Að fullu	BYKO, sem og allir starfsmenn, greiða í lögbundnar skyldutryggingar lífeyrisréttinda. BYKO greiðir einnig lögbundið mótframlag (2%) fyrir þá starfsmenn sem leggja fyrir 2 til 4% í séreignasparnað.	

Sýnileiki á markaði

202-01	Hlutfall almennra byrjunarlauna eftir kyni samanborðið við staðbundin lágmarkslaun	Að fullu	Laun samkvæmt kjarasamningi VR, óháð kyni	
--------	--	----------	---	---

Óbein efnahagsleg áhrif

203-1	Innviðafjárfestingar og þjónusta sem stutt er við	Nei	
203-2	Veruleg óbein efnahagsleg áhrif	Nei	

Öflun aðfanga

204-1	Hlutfall útgjalda til birgja í nærsamfélaginu	Að fullu	Íslenskir birgjar 28% Aðfangakeðja	 
-------	---	----------	---	---

Spilling

205-01	Mat á rekstri vegna áhættu sem tengist spillingu	Að fullu	Áhættumat og hætta á spillingu
205-02	Samskipti og þjálfun um stefnur og verklagsreglur gegn spillingu	Að fullu	Áhættumat og hætta á spillingu
205-03	Ítrekun upplýsinga	Að fullu	Áhættumat og hætta á spillingu

Samkeppnishamlandi hegðun

206-01	Lagalegar aðgerðir gegn samkeppnishamlandi hegðun, hringamyndun og einokunaraðferðum	Nei	Engin samkeppnishamlandi hegðun
--------	--	-----	---------------------------------

Vísar um frammistöðu á sviði umhverfismála

Efnisnotkun

301-01	Efni sem notuð eru eftir þyngd eða rúmmála	Að fullu	Efnisnotkun	
301-02	Endurunnið hráefni sem notað er		BYKO er ekki framleiðslufyrirtæki	

Orka

302-01	Orkunotkun innan skipulagsheildarinnar	Að hluta	Orkunotkun	
302-02	Orkunotkun utan skipulagsheildarinnar	Að hluta	Orkunotkun	
302-03	Orkukræfni	Að hluta	Losun gróðurhúsalofttegunda gefið upp sem CO ₂ kræfni	
302-04	Minnkun á orkunotkun	Að hluta	Orkunotkun	
302-05	Minnkun á orkuþörf vöru og þjónustu	Að hluta	Á ekki við þar sem BYKO er ekki framleiðandi	

Vatn og frárennsli

303-01	Vatnstaka eftir vatnsbólum	Að hluta	Allar starfsstöðvar tengdar við vatnsveitur viðkomandi svæða
--------	----------------------------	----------	--

Líffræðileg fjölbreytni

304-02	Veruleg áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika af starfsemi, vöru og þjónustu	Að hluta	Rekjanleiki timburs
304-03	Varin eða endurheimt búsvæði	Að hluta	Önnur losun; Kolefnisjöfnun
302-03	Orkukræfni	Að hluta	Losun gróðurhúsalofttegunda gefið upp sem CO ₂ kræfni

Losun				
305-1	Bein losun gróðurhúsalofttegunda (GHL)(umfang 1)	Að fullu	Eldsneytisnotkun; Um skýrsluna	
305-2	Óbein orkulosun gróðurhúsalofttegunda (GHL) (umfang 2)	Að fullu	Rafmagn og upphitun; Um skýrsluna	
305-3	Önnur óbein losun gróðurhúsalofttegunda (GHL) (umfang 3)	Að hluta	Flugferðir starfsmanna; Vöruflutningar; Meðhöndlun úrgangs	
305-4	Styrkur á losun gróðurhúsalofttegunda (GHL)	Að hluta	Losun gróðurhúsalofttegunda; Um skýrsluna; Meðhöndlun úrgangs	
305-5	Minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda (GHL)	Að hluta	Losun gróðurhúsalofttegunda; Meðhöndlun úrgangs	
305-6	Losun ósoneyðandi efna	Að fullu	Önnur losun	
305-7	Losun köfnunarefnisoxíðs (NOX), brennisteinsoxíðs (SOX) og önnur veruleg losun lofttegunda	Að fullu	Önnur losun	
Frárennsli og úrgangur				
306-2	Úrgangur eftir tegund og förgunaraðferð	Að fullu	Meðhöndlun úrgangs	
306-3	Verulegur leki	Að fullu	Önnur losun	
Hlítni				
307-1	Ekki farið að umhverfislögum og reglum	Að fullu	Engin þekkt tilfelli	
Umhverfisáhrif birgja				
308-1	Nýir birgjar sem voru skimaðir með því að notast við umhverfisviðmið	Að hluta	Vistvænt vöruframboð	
308-2	Neikvæð umhverfisáhrif í aðfangakeðjunni og aðgerðir sem gripið var til	Að fullu	Vistvænt vöruframboð	
Samfélagsmál: Vinnumál og vísar um mannsæmandi starfsskilyrði				
Vinnuafli				
401-1	Nýráðningar starfsmanna og starfsmannavelta	Að hluta	Mannauður	
401-2	Fríðindi fyrir starfsmenn í fullu starfi en ekki fyrir starfsmenn í hluta- eða tímabundnu starfi	Að fullu	Fríðindi starfsmanna eru í samræmi við kjarasamninga. Önnur fríðindi standa öllum til boða	
401-3	Foreldraorlof	Að hluta	BYKO hefur ekki haldið skipulega utan um fjölda starfsmanna sem taka foreldraorlof, hve langt orlof eða hvort fólk komi aftur til starfa	
Kjaramál				
402-1	Lágmarks uppsagnarfrestur ef breytingar verða á rekstri	Að fullu	Starfskjör þar með talið uppsagnarfrestur er í samræmi við kjarasamning VR	

Vinnueftirlit

403-1	Fyrirsvar í formlegum og sameiginlegum heilsu- og öryggisnefndum stjórnenda og starfskrafta	Að fullu	Nálgun stjórnenda; Öryggi og vinnuvernd
403-2	Tegundir og tíðni meiðsla, atvinnusjúkdómar, fjarverudagar og fjöldi vinnutengdra dauðsfalla	Að hluta	Öryggi og vinnuvernd
403-3	Starfskraftar með háa tíðni eða í mikilli hættu á að þróa með sér starfstengda sjúkdóma	Að fullu	Öryggi og vinnuvernd
403-4	Efnistöð er varða heilsu- og öryggismál sem fjallað er um í formlegum samningum við stéttarfélag	Að hluta	Öryggi og vinnuvernd
403-5	Þjálfun starfsmanna í tengslum við vinnueftirlit	Að hluta	Öryggi og vinnuvernd
403-6	Aðgerðir til að efla heilbrigði starfsmanna	Að fullu	Starfsmannamál og fræðsla
403-7	Varnir og aðgerðir til að draga úr atvinnusjúkdómum og auka öryggi í viðskiptasamböndum	Að hluta	Starfsmannamál og fræðsla; Öryggi og vinnuvernd
403-8	Hlutfall starfsmanna sem vinnueftirlit nær til	Að fullu	Allir starfsmenn og verktakar á athafnasvæði BYKO
403-9	Starfstengd meiðsl	Að hluta	Öryggi og vinnuvernd
403-10	Atvinnutengdir sjúkdómar	Að hluta	Öryggi og vinnuvernd

Þjálfun og menntun

404-1	Árlegur meðalfjöldi klukkustunda í þjálfun á hvern starfsmann	Að hluta	Starfsmannamál og fræðsla	 
404-2	Áætlanir um símenntun starfsmanna og stuðningur við breytingar	Að fullu	Starfsmannamál og fræðsla; starfslok í samræmi við ákvæði kjarasamninga	
404-3	Hlutfall starfsmanna sem fær reglulega rýni á frammistöðu og starfsþróun	Að hluta	Mannauður	

Fjölbreytileiki og jöfn tækifæri

405-1	Fjölbreytileiki stjórna og starfsmanna	Að fullu	Stjórnskipulag	 
405-2	Hlutfall grunnlauna og þóknana kvenna í samanburði við karla	Að fullu	Mannauður	 

Jafnræði

406-1	Atvik um mismunum og framkvæmdar úrbætur	Að fullu	Mannauður; Starfsmannamál og fræðsla; engin atvik um mismunun
-------	--	----------	---

Félagafrelsi og kjaraviðræður

407-1	Rekstur og birgjar þar sem hætta er á sniðgöngu varðandi félagafrelsi og sameiginlega kjarasamningagerð	Að hluta	Birgjar	
-------	---	----------	-------------------------	---

Barnavinna

408-1	Rekstur og birgjar þar sem verulega hætta getur verið á barnaþrælkun	Að hluta	Birgjar
-------	--	----------	-------------------------

Nauðungar- og skylduvinna

409-1	Rekstur og birgjar þar sem veruleg hætta getur verið á nauðungar- eða skylduvinnu	Að hluta	Birgjar
-------	---	----------	-------------------------

Mat á samfélagsáhrifum birgja

414-1	Nýir birgjar sem voru skimaðir á grundvelli félagslegra viðmiða	Að hluta	Birgjar ; engir nýir birgjar skimaðir	 
414-2	Neikvæð félagsleg áhrif í aðfangakeðjunni og aðgerðir sem gripið var til	Að fullu	Ekki gripið til aðgerða	

Opinber stefna

415-1	Framlag til stjórn mála	Að fullu	BYKO greiddi engin framlög til stjórn málaflokka
-------	-------------------------	----------	--

Heilsa og öryggi viðskiptavina

416-1	Mat á heilsu- og öryggisáhrifum vöru- og þjónustuflokka	Að fullu	Alþjóðleg frumkvæði og samfélagsþátttaka
416-2	Atvik þar sem ekki var farið eftir reglum og varða vöru og þjónustu sem hefur áhrif á heilsu og öryggi	Að fullu	Engin tilvik á árinu

Merkingar á vöru og þjónustu

417-2	Atvik þar sem ekki er farið eftir reglum sem varða upplýsingar og merkingar vöru og þjónustu	Að hluta	Engin þekkt tilfelli á árinu
417-3	NAtvik við markaðssetningu þar sem ekki er farið eftir reglum	Að fullu	EEngin þekkt tilfelli á árinu

Persónuvernd viðskiptavina

418-1	Rökstuddar kvartanir varðandi brot á persónuvernd viðskiptavina og tap á gögnum þeirra	Að fullu	Engar rökstuddar kvartanir á árinu
-------	--	----------	------------------------------------

Hlítni

419-1	Ekki farið að lögum og reglum á félagslegum og efnahagslegum sviðum	Að fullu	Engin þekkt tilfelli á árinu
-------	---	----------	------------------------------

Til baka í [Tilvísunartöflu](#)